

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

37. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 8. janúar 2009, kl. 13.00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ólafur Elvar Júlíusson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Þorbergur Albertsson. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri og Indriði Indriðason, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð. Forföll boðaði Guðfinna Þorvaldsdóttir.

Við bætast liðir 1.16. Fjárhagsáætlun 2009, vinnuhópur 6. fundur.

Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Viðbygging leikskóla, 11. verkfundur, 22. des. 2008.
Til kynningar.
- 1.2. Fjallskiladeild Rangárvallafréttar, 7. fundur, 16. des. 2008.
Til kynningar.
- 1.3. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V. Skaftafellssýslu, 30. fundur 11. des. 2008.
Til kynningar.
- 1.4. Ritnefnd byggðasögu Hellu, 2. fundur, 18. des. 2008.
Til kynningar.
- 1.5. Ritnefnd Holtamannabókar III, Djúparhreppur, fundur, 24. nóv. 2008.
Til kynningar.
- 1.6. Suðurlandsvegur 1-3, 16. hönnunarfundar, 11. des. 2008.
Til kynningar.
- 1.7. Suðurlandsvegur 1-3, framkvæmdaráð, fundur 29. des. 2008.
Til kynningar.
- 1.8. Inntökuráð ART teymis, 9. fundur, 8. des. 2008.
Til kynningar.
- 1.9. SASS, 420. fundur, 12. des. 2008.
Til kynningar.
- 1.10. SASS, 39. aðalfundur, 20. og 21. nóv. 2008.
Til kynningar.
- 1.11. Skólaskrifstofa Suðurlands, 110. fundur, 19. nóv. 2008.
Til kynningar.
- 1.12. Sorpstöð Suðurlands, 164. fundur, 5. des. 2008.
Til kynningar.
- 1.13. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 115. fundur, 16. des. 2008.
Til kynningar.
- 1.14. Samband íslenskra sveitarfélaga, 759. fundur, 12. des. 2008.
Til kynningar.
- 1.15. Fjárhagsáætlun 2009, vinnuhópur, 5. fundur 6. jan. 2009.
Til kynningar.
- 1.16. Fjárhagsáætlun 2009, vinnuhópur, 6. fundur 7. jan. 2009.
Til kynningar.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum og tengd erindi:

- 2.1. Neðra Sel, landskipti og samruni.
Óskað er eftir umsögn um landskipti úr landi Neðra Sels. Um er að ræða 43.3 ha. land (lnr. 217777) úr Neðra Seli (lnr. 165000). Einnig að skiki með lnr. 217777 renni saman við skika með lnr. 199844, sem yrði þá 53,6 ha. með heitið Neðra Sel, land D. Lögbylisréttur fylgi áfram lnr. 165000.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin og samrunann.
Samþykkt samhljóða.
- 2.2. Neðra Sel, landskipti og samruni.
Óskað er eftir umsögn um landskipti úr landi Neðra Sels. Um er að ræða 43,5.6 ha. land (lnr. 217663) úr Neðra Seli (lnr. 165000). Einnig að skiki með lnr. 217663 renni saman við skika með lnr. 199841, sem yrði þá 53,6 ha. með heitið Miðsel. Lögbylisréttur fylgi áfram lnr. 165000.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin og samrunann.
Samþykkt samhljóða.

3. Umsókn um skólavist:

3.1. Laugalandsskóli, umsókn um skólavist.

Sótt er um skólavist fyrir AÝA í Laugalandsskóla skólaárið 2008-2009. Fyrir liggur samþykki lögheimilissveitarfélags og samþykki skólastjóra.

Fallist er á erindið, enda skulu greiðslur vera samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga. Um annan kostnað þarf að semja sérstaklega.

Samþykkt samhljóða.

3.2. Laugalandsskóli, umsókn um skólavist.

Sótt er um skólavist fyrir GVA í Laugalandsskóla skólaárið 2008-2009. Fyrir liggur samþykki lögheimilissveitarfélags og samþykki skólastjóra.

Fallist er á erindið, enda skulu greiðslur vera samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga. Um annan kostnað þarf að semja sérstaklega.

Samþykkt samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun 2009, síðari umræða:

Sveitarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum fjárhagsáætlunar 2009.

Heildartekjur A og B hluta eru áætlaðar 901.916 þús. kr. og skiptast með eftirfarandi hætti:

Rekstrartekjur	Þús.kr.	Hlutfall tekna.
Útsvar.....	365.000	40,47%
Fasteignaskattur.....	113.000	13,08%
Jöfnunarsjóður.....	208.800	23,15%
Lóðarleiga.....	5.300	0,59%
Aðrar tekjur.....	204.816	22,71%

Rekstrargjöld	Þús.kr.
Heildargjöld án fjármagnsliða.....	821.355
Tekjuafgangur fyrir fjármagnslið er áætlaður.....	80.561
Niðurstaða fjármagnsliða er áætluð.....	35.367
Rekstrarniðurstaða A hluta er áætlaður.....	-19.394
Áætluð niðurstaða A og B hluta er.....	-26.397

Efnahagur A og B hluta.	Þús.kr.
Fastafjármunir eru áætlaðir.....	1.818.052
Veltufjármunir eru áætlaðir.....	99.162
Eignir samtals eru áætlaðar.....	1.818.051
Eigið fé er áætlað.....	615.599
Lífeyrisskuldbindingar eru áætlaðar.....	23.128
Langtímaskuldir eru áætlaðar.....	830.456
Skammtímaskuldir eru áætlaðar.....	348.867
Eigið fé og skuldir samtals er áætlað	1.818.051

Handbært fé í árslok 3.220 þús.kr.

Fjárfestingar eru áætlaðar 193.875 þús. kr. á árinu 2009 og greinast sem hér segir: Grunnskólinn Hellu, 5.000 þús. kr., Suðurlandsvegur 1, tengibygging, 60.000 þús. kr., Gatnakerfi Hellu, 20.000 þús. kr., gatnakerfi Laugalandi, 2.000 þús. kr. Einnig er gert ráð fyrir tekjum vegna gatnagerðargjalda að upphæð 20.000 þús. kr.

Í b-hluta eru framkvæmdir áætlaðar 126.875 þús. kr.

Fjárhagsáætlun samstæðu Rangárþings ytra 2009 borin undir atkvæði
Samþykkt samhljóða.

5. Landgræðsla ríkisins, uppsögn samkomulags um beit á Geldingarlækjarheiði:

Sveitarstjóra er falið að ræða við málsaðila varðandi málið.

Samþykkt samhljóða.

6. Leigulóðir nr. 4 og 5 í Gaddstaðalandi:

Til kynningar.

7. Fjarskiptamastur í landi Gunnarsholts:

Sveitarstjóra falið að útfæra hugmyndir um lausn ágreinings í samráði við landeiganda og hagsmunaaðila.

Samþykkt samhljóða.

8. Skil á lóð við Dynskála:

Timburtak ehf. óskar eftir að skila inn lóð nr. 20 við Dynskála, þar sem fyrirtækið hefur ekki uppi áform um framkvæmdir á lóðinni. Fallist er á erindið.
Samþykkt samhljóða.

9. Fjallskil og niðurlögnun 2007.

Sveitarstjóri leggur fram tillögu um niðurlögnun fjallskila fyrir árið 2007.
Samþykkt samhljóða.

10. Heimgreiðslur til foreldra:

Erindinu er vísað til umsagnar hjá fræðslunefnd.
Samþykkt samhljóða.

11. Akstursgreiðslur til starfsmanna.

Til kynningar.

12. Samráðshópur um mótvægisáðgerði vegna virkjanaframkvæmda á Búðarhálsi:

Tillaga um að skipa Sigurbjartur Pálsson sem fulltrúa sveitarfélagsins í samráðshópinn og Helga Fjöla Guðnadóttir til vara.
Samþykkt samhljóða.

13. Vatnsvernd og grunnvatnsstraumar í Landsveit, skýrsla ÍSOR:

Til kynningar.

14. Framkvæmdasjóður aldraðra, umsókn:

Til kynningar.

15. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

15.1. Fræðslunet Suðurlands, hátíðarfundur.

Til kynningar.

15.2. Kynningarrit íþróttakademíu FSU.

Samþykkt að greiða hlut sveitarfélagsins í dreifingarkostnaði.

Samþykkt samhljóða.

15.3. Sóknarnefnd Þykkvabæjarkirkju, umsókn um fjárstyrk.

Fallist er á fjárstuðning að upphæð 300.þús. kr. og er kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

Samþykkt samhljóða.

15.4. Verkis, þarfagreining skólabygginga.

Til kynningar.

16. Annað efni til kynningar:

16.1. Skipulagsstofnun, vegna framlags til endurskoðunar aðalskipulags.

16.2. Heilbrigðisstofnun Suðurlands, ársskýrsla.

16.3. Ferðamálastofa Íslands, umsókn.

16.4. Landsmót hestamanna 2008, umsögn.

16.5. Samband íslenskra sveitarfélaga, minnisblöð vegna samráðsfunda.

16.6. Fjármálaráðuneytið, staðgreiðsluhlutfall 2009.

16.7. Félags- og tryggingarmálaráðuneytið, leiðbeiningar um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

16.8. Menntamálaráðuneytið, úttekt listfræðslu á Íslandi.

16.9. Menntamálaráðuneytið, íþróttavakning framhaldsskólanna.

16.10. SASS, ályktanir ársþings um velferðarmál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.30

Þorgils Þorfi Jónsson

Margrét Vör Sigurgeirsd.

Jónvænir Guðbjörnsson

Helga Fjöla Guðnadóttir

Hreppsnefnd

Sigurbjartur Pálsson
Þorbergur Albestri

Bls.139

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

38. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 5. febrúar 2009, kl. 13.00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ólafur Elvar Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri og Indriði Indriðason, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð að auki sat fundinn Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi fundinn undir lið 1.1.

Við bætast liðir 1.18., 1.19., 1.20., 1.21. og liður 2.5.
Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Skipulagsnefnd Rangárþings bs., 16. fundur, 28. janúar 2009.
Eftirtaldir liðir fundargerðar Skipulagsnefndar lúta að Rangárþingi ytra og er afgreiðsla þeirra sem hér segir:
Liður 084.2009. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagsbreytingartillagan verði auglýst.
Liður 085.2009. Sveitarstjórn samþykkir að aðalskipulagsbreytingartillagan verði auglýst.
Liður 086.2009. Sveitarstjórn hafnar deiliskipulagstillögunni þar sem ekki er fallist á sérstaka lóð undir geymslu/skemmu og aðkomu að henni.
Liður 087.2009. Sveitarstjórn hafnar deiliskipulagstillögunni. Sveitarstjóra er falið að láta vinna nýja deiliskipulagstillögu.
Fundargerð Skipulagsnefndar er að öðru leyti staðfest hvað varðar Rangárþing ytra.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Íþrótt- og tómstundanefnd, 23. fundur, 21. janúar 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.3. Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, 22. fundur, 11. janúar 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.4. Öldur III, 12. verkfundur, 20. janúar 2009.
Til kynningar.
- 1.5. Suðurlandsvegur 1-3, framkvæmdaráð, fundur 23. janúar 2009.
Til kynningar.
- 1.6. Vatsveitumál í Rangárþingi ytra, Ásahreppi og Flóahreppi, fundur 26. janúar 2009, ásamt minnisblaði.
Til kynningar.
- 1.7. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., 107. fundur, 29. janúar 2009.
Til kynningar.
- 1.8. Stórmót sunnlenskra hestamanna, fundur 27. janúar 2009.
Til kynningar.
- 1.9. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 31. fundur, 21. janúar 2009.
Til kynningar.
- 1.10. Undirbúningsnefnd fjölskylduhátíðar íslenska hestsins, fundur 1. febrúar 2009.
Til kynningar.
- 1.11. Svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, fundur 20. janúar 2009.
Til kynningar.
- 1.12. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 28. aukaaðalfundur, 19. desember 2008.
Til kynningar.
- 1.13. Sorpstöð Suðurlands, 166. fundur 15. janúar 2009.
Til kynningar.
- 1.14. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 116. fundur, 27. janúar 2009.
Til kynningar.
- 1.15. Fundur með Landsvirkjun, 21. janúar 2009.
Til kynningar.
- 1.16. Framkvæmdanefnd Þjórsársveita, fundur 27. janúar 2009.
Til kynningar.
- 1.17. Samband íslenskra sveitarfélaga, 760. fundur, 23. janúar 2009.
Til kynningar.

- 1.18. Fundargerð vinnuhóps að gatnagerðargjöldum, fundur 4. febrúar. 2009., ásamt tillögu að „Samþykkt um gatnagerðargjöld fyrir Rangárþing ytra”.
Hreppsnefnd samþykkir framlagða tillögu að „Samþykkt um gatnagerðargjöld fyrir Rangárþing ytra”.
Samþykkt samhljóða.
- 1.19. Fundargerð vinnuhóps um endurskoðun samþykta um stjórn og fundarskóp, ásamt tillögum um breytta nefndarskipan, fundur . 4. febrúar 2009.
Liðum b og d er vísað til samstarfssveitarfélaga eftir því sem við á. Aðrir liðir eru til kynningar.
- 1.20. Fundargerð Samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, fundur , 29. janúar 2009.
Til kynningar.
- 1.21. Byggingarnefnd, fundur , 29. janúar 2009.
Fundargerðin er staðfest að því leyti er lýtur að Rangárþingi ytra.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum og tengd erindi:

- 2.1. Skyggnisholt í landi Guttormshaga, stofnun lögbýlis.
Óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar vegna stofnunar lögbýlis að Skyggnisholti úr landi Guttormshaga með lnr. 165084.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis.
Samþykkt samhljóða.
- 2.2. Kaldakinn, landskipti.
Óskað er eftir umsögn um landskipti úr landi Köldukinnar (lnr. 206436). Um er að ræða 44,5. ha. land með lnr. 217663.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin.
Samþykkt samhljóða.
- 2.3. Neðra Sel, landskipti.
Óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um landskipti úr landi Neðra Sels (lnr. 165000) í tvær spildur; 5600 fm. spildu með lnr. 217864, og 11,4 ha spildu með lnr. 217865
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin.
Samþykkt samhljóða.
- 2.4. Neðra Sel, landskipti, samruni.
Óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um landskipti úr landi Neðra Sels, lnr. 165000. Um er að ræða fimm spildur; 2a (Efsta Sel) 10,1 ha með lnr. 217866, 2b (Efsta Sel) 4,2 ha með lnr.217867, 2c (Efsta Sel) 16,9 ha með lnr. 217868, 2d (Efsta Sel) 11,7 ha með lnr. 217869 og 2e (Efsta Sel) 0,6 ha með lnr. 217872. Lögbýlisréttur fylgi áfram lnr. 165000. Einnig er óskað eftir umsögn sveitarstjórnar um samruna á eftirtöldum spildum: lnr. 217867 og lnr. 217872 og 199842 sem verða eftir samruna lnr. 199842, lögbýlisréttur fylgir lnr. 165000.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin og samrunann.
Samþykkt samhljóða.
- 2.5. Skeiðvellir, stofnun lögbýlis.
Óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um stofnun lögbýlis að Skeiðvöllum, lnr. 176857.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis.
Samþykkt samhljóða.

3. Umsókn um skólavist:

- 3.1. Söngskóli Maríu Bjarkar, umsókn FS, erindi frá 35. hreppsráðs .
Ólafur Elvar Júlíusson vikur af fundi vegna vanhæfis við afgreiðslu.
Samþykkt að greiða kostnað vegna söngnáms FS, kt. 240192-2689 vegna vorannar í Söngskóla Maríu Bjarkar.
Samþykkt með sex atkvæðum, (ÓEJ) tók ekki þátt í afgreiðslu
Sveitarstjóra er falið að gera tillögur að reglum um styrkgreiðslur vegna tónlistarnáms.
Ólafur Elvar tók aftur sæti á fundinum.

4. Samþykktir á reikningum:

- Hreppsnefnd samþykkir framlagðan lista yfir þá einstaklinga sem heimild hafa að samþykkja reikninga fyrir Rangárþing ytra og samstarfsverkefni sem sveitarfélagið tekur þátt í.
Samþykkt samhljóða.



5. **Samningur við Flugstöðir um kaup og uppgjör á spildu úr landi Helluflugvallar:**
Til kynningar.
6. **Landgræðslusvæði Þykkvabæ:**
Til kynningar.
7. **Rjúpnaveilir, sumarhús:**
Sveitarstjóri kynnti samkomulag um að fjarlægja megi sumarhús, fmr. nr. 219-6846.
8. **Samkomulag um yfirtöku samnings:**
Ingvar Pétur Guðbjörnsson vikur af fundi vegna vanhæfis við afgreiðslu.
Hreppsnefnd samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við alla aðila málsins.
Samþykkt samhljóða.
Ingvar Pétur tók aftur sæti á fundinum.
Ólafur Elvar Júlíusson vék af fundi kl. 17.35
9. **Hraðahindranir við Baugöldu og leikvöllur við Öldum II:**
Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.
Samþykkt samhljóða.
10. **Áform um sameiningu heilbrigðisstofnanna:**
Til kynningar.
11. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**
- 11.1. Flugbjörgunarsveitin Hellu, umsókn um styrk á móti álögðum fasteignaskatti.
Hreppsnefnd samþykkir að veita Flugbjörgunarsveitinni á Hellu styrk að upphæð 308.616 kr. á móti álögðum fasteignagjöldum.
Samþykkt samhljóða.
- 11.2. Fundarboð, Bændasamtök Íslands.
Til kynningar.
- 11.3. Sóknarnefnd Oddasóknar, styrkur á móti álögðum fasteignaskatti.
Hreppsnefnd samþykkir að veita Sóknarnefnd Oddakirkju styrk að upphæð 81.656 kr. á móti álögðum fasteignagjöldum.
Samþykkt samhljóða.
- 11.4. Karlakór Rangæinga, styrkbeiðni vegna afnota af húsnæði.
Hreppsnefnd Rangárþings ytra samþykkir að veita Karlakór Rangæinga styrk á móti húsaleigu á Laugalandi í Holtum.
Samþykkt samhljóða.
- 11.5. Ung fólk og lýðræði, ráðstefna Akureyri.
Til kynningar.
12. **Annað efni til kynningar:**
- 12.1. Rafmagnsleysi, Fljótshlíð – Gunnarsholt.
12.2. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, hækkun grunnfjárhæða.
12.3. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands úttekt Miðheimar.
12.4. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands úttekt Íþróttamiðstöð Hellu.
12.5. Samband íslenskra sveitarfélaga, ábyrgð framleiðenda við meðhöndlun rafeindarúrgangs.
12.6. Eyjólfur Guðmundsson, manngerðir Hellar.
12.7. Félags- og tryggingarmálaráðuneytið, leiðbeiningar um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.
12.8. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Lífhlaupið.
12.9. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, endurnýjun lögreglusamþykktar.
12.10. Samband íslenskra sveitarfélaga, megináherslur í úrgangsmálum.

13. Þinglýst skjöl frá Sýslumanni á Hvolsvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.10.

Dórgils Þóris Jónsson
Rófnanna Þórisdóttir
Margrjet Þóris Jónsdóttir
Sigrún Þóris Þórisdóttir
Hreppsnefnd

Sýslumaður
Ólafur Elvar Júlíusson
Ólafur Elvar Júlíusson

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

39. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Helli, fimmtudaginn 5. mars 2009, kl. 13.00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ólafur Elvar Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Gísli Stefánsson. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri og Indriði Indriðason, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Við bætast liðir 13., 14., 15., F7., F8., og F9.
Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 36. fundur, 19. feb. 2009. Liðum nr. 11 og 20. vísað til hreppsnefndar.
Fundargerðin er staðfest að undanskildum liðum 11. og 20.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 32. fundur, 18. febrúar 2009.
Til kynningar.
- 1.3. Fjallskilanefnd Rangárvallaafréttar, 8. fundur, 27. feb. 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.4. Fjallskilanefnd Holtamannaafréttar, fundur, 27. feb. 2009, ásamt rekstraryfirliti 2008.
Sveitarstjórn fellst ekki á afgreiðslu fjallskilanefndar varðandi 2. lið, þar sem hún er ekki í samræmi við gildandi fjallskilasamþykkt Rangárvallasýslu.
Fundargerðin er staðfest að öðru leiti.
Samþykkt samhljóða.
- 1.5. Öldur III, 14. verkfundur, 17. feb. 2009.
Hreppsnefnda samþykkir að fela sveitarstjóra auk oddvita, meiri- og minnihluta, að leita eftir samkomulagi við verktaka um framgang samningsins um Öldur III.
Samþykkt samhljóða.
- 1.6. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., 108. fundur, 26. feb. 2009.
Til kynningar.
- 1.7. Félagsþjónusta Rangárvalla- og V. Skaftafellssýslu. 30. fundur. 25. feb. 2009.
Til kynningar.
- 1.8. Sorpstöð Suðurlands., 168. fundur, 18. feb. 2009.
Til kynningar.
- 1.9. Vinnumarkaðsráð Suðurlands, 9. fundur, 12. feb. 2009, ásamt ályktun.
Til kynningar.
- 1.10. Framkvæmdanefnd Þjósárveita, fundur 16. feb. 2009.
Til kynningar.
- 1.11. Forvarnarhópur „Litli hópur“, fundur 18. feb. 2009.
Til kynningar.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum og tengd erindi:

- 2.1. Fjarkastokkur, land úr Bala, lögbýlisstofnun.
Óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar vegna stofnunar lögbýlis að Fjarkastokk úr landi Bala með lnr. 174566.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis.
Samþykkt samhljóða.

3. Afskrift á opinberum gjöldum. Túnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

4. Stóru Versalir, erindi Veiðifélags Holtamannaafréttar:

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til viðræðna við bréfitara.
Samþykkt samhljóða.

5. Þrúðvangur 31 breyting á baðherbergi:

Lagt er fram til kynningar áætlun frá eignaumsýslu vegna breytinga á baðherbergi við Þrúðvang 31. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að leita lausnar á málinu. Samþykkt samhljóða.

6. Uppgjör byggðasamlagsverkefna Rangárvalla- og V. Skaftafellssýslu:

Til kynningar.

7. Álagning gatnagerðargjalda v. Rangárbakka 2, með vísan í 36. fund hreppsráðs:

Sveitarstjórn samþykkir að leita álits lögmanns sveitarfélagsins á framkomnum gögnum og er afgreiðslu frestað.

Samþykkt með fimm atkvæðum, tveir sitja hjá (ÞTJ) og (IPG).

8. Úttekt á fræðslustofnunum, með vísan í 36. fund hreppsráðs:

Tillaga D lista: Lögð eru fram drög af verksamningi við RHA. Sveitarstjóra og formanni fræðslunefndar falið að ræða við RHA um lækun kostnaðar í samræmi við umræður á fundinum og ganga frá samningi í kjölfarið.

B listi leggur fram neðangreinda breytingartillögu:

B-listinn leggur til að fyrirhuguð úttekt á fræðslustofnunum í Rangárþingi ytra verði slegin af.

Viljum við í því sambandi rífa upp og taka saman nokkra punkta um fyrri úttektir, gildi þeirra og kostnað við slíkar úttektir.

Í marsmánuði 2004 gerði Háskólinn á Akureyri úttekt á skólustarfi í Rangárþingi ytra og niðurstada var á þá leið að hagkvæmasti kosturinn væri að reka skólana með sama hætti og verið hafði á Hellu og Laugalandi. Lagt var til að grunnskólustarfssemi í Þykkvabæ yrði flutt á Hellu. Kostnaður við þessa skýrslu var kr. 1.820.196,-.

Skipað var nefnd árið 2005 til að kanna mögulega hagræðingu á rekstri grunnskólans á Hellu og Laugalandi. Þar var litið til framtíðar og kannað hvort hagkvæmara væri að hafa eina yfirstjórn og einnig hvort að hagkvæmara væri að hafa skólann á einum stað. Þegar tekið var tillit til breytinga á bekkjardeildum, húsnæði, auknum akstri, fjölgun deildarstjóra og hækkun á launakjörum stjórnenda þá var það ekki talið fjárhagslega hagkvæmt. Kostnaður við þessa nefndarvinnu liggur ekki fyrir.

Skólalæing var haldið 2007 á Hellu og þar var kannaður vilji og hugur íbúa sveitarfélagsins til skólana. Niðurstaðan var sú að mikill meirihluti íbúa vildi halda áfram að reka skólana með sama hætti og verið hefur. Jafnframt var lögð áhersla á endurbætur/byggingar á húsnæði leik- og grunnskóla á Hellu. Kostnaður við þetta skólalæing var kr. 1.557.000,-

Hafin var vinna við skólafestnu fyrir Rangárþing ytra og Ásahrepp árið 2007. Hefur sú vinna legið niðri síðast liðið ár. Kostnaður við þessa vinnu var kr. 437.137,-

Samtals kostnaður við úttektir, skólalæing og skólafestnuvinnu er því orðinn kr. 3.814.000,-

Í framhaldi af skýrslu frá 2004 var grunnskólustarf í Þykkvabæ flutt á Hellu. Ekki er hugsað fyrir því hvað kæmi í staðinn í yfirgefnar byggingarnar í Þykkvabæ. Á árinu 2007 var leikskólustarfsemi komið aftur á í húsnæði sveitarfélagsins í Þykkvabæ.

Núna er á dagskrá að fara í enn eina úttektina, með tilheyrandi kostnaði. Kostnaður skv. tilboði frá RHA er áætlaður kr. 2.980.530,- m. Vsk.

Í ljósi þess að uppbygging á starfsemi framhaldsskóla á Hellu mun dragast þó nokkuð vegna efnahagsástandsins þá er það alveg skýrt í hugum okkar B-lista fólks að grundvöllur fyrir frekari úttekt er ekki fyrir hendi. Rangárþing ytra á úttektir um leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu sem segja allí sem segja þarf.

B-listinn leggur því til að fyrirhuguð úttekt á fræðslustofnunum í Rangárþingi ytra verði slegin af.

B-listinn leggur til að fjármunir þeir sem áætlaðir voru í úttekt á rekstri fræðslustofnana verði frekar lagðir í sýnilegar framkvæmdir, íbúum til hagsældar og yndisauka t.d. með því að efla og fegra leikvelli í sveitarfélaginu.

5. mars 2009 - Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Ólafur Elvar Júlíusson

Breytingartillaga B lista er felld með 4 atkvæðum gegn 3 atkvæðum (ÓEJ), (GP) og (MÝS).

Borin er upp tillaga D lista

Samþykkt með 4 atkvæðum gegn 3 atkvæðum (ÓEJ), (GP) og (MÝS).

Bókun D-lista, vegna tillögu B-lista undir 8. lið á dagskrá 39. fundar hreppsnefndar Rangárþings ytra, 5. mars 2009:

Undirritaðir fulltrúar D-listans lýsa undrun á fram kominni tillögu B-listans. Telja undirrituð að það sé faglegt að fá með reglubundnum hætti úttekt á fræðslustarfi í sveitarfélaginu. Útgjöld til fræðslumála eru um 54% af áætluðum heildar útgjöldum sveitarfélagsins á árinu 2009. Hér er um langt stærsta málaflokk sveitarfélagsins að ræða.

Undirrituð hafa metnað til þess að í Rangárþingi ytra sé rekið skólafélag sem stenst allan samanburð við önnur sveitarfélög. Það er skoðun undirritaðra að hvergi megi slá þar af. Með tillögu D-listans um úttekt frá Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri er fyrst og fremst verið að fá skoðun einna stærstu sérfræðinga landsins á því hvernig þessum málum er farið í sveitarfélaginu. Innra mat skólafélaganna í sveitarfélaginu er með ágætum. Slikt innra mat er afar nauðsynlegt, en hér er þó ekki um innra mat að ræða, heldur ytra mat.

Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn Rangárþings ytra bera mikla ábyrgð. Við berum öll ábyrgð á fjárhag sveitarfélagsins og jafnframt ábyrgð á rekstri og starfssemi þess. Sú úttekt sem hér er lagt til að farið verði í er fyrst og fremst til þess fallin að kjörnir fulltrúar geti betur verið upplýstir um stöðu mála og tekið ákvarðanir á upplýstum grunni.

Á því tímabili, sem B-listinn rekur í tillögu sinni, hefur Rangárþing ytra varið um 2.000.000.000 króna til fræðslumála, en á sama tíma hefur um 3.800.000 króna verið varið til vinnu við úttektir og stefnumótunarstarfs í skólamállum. Það er því hjákátlegt að lesa tillögu B-listans, sérstaklega í ljósi þess að við gerð yfirstandandi fjárhagsáætlunar, sem var samþykkt samhljóða í sveitarstjórn, kom eftirfarandi fram:

“Ákveðið er að skólafélaginu verði skodað í ljósi nýrra og breyttra laga um menntamál sem gefa tilefni og tækifæri til endurskoðunar, hagræðingar og nálgunar með nýjum hætti. Í sveitarfélaginu er öflug aðstaða til fjölbreyttrar hjónustu við íbúana og skoða verður nýtingu fasteigna sveitarfélagsins með hag íbúanna að leiðarljósi. Í þessu sambandi telur sveitarstjórn rétt og nauðsynlegt að unnið verði að úttekt og þarfagreiningu á leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólafélaginu í sveitarfélaginu og að þeirri vinnu verði lokið eins fljótt og verða má.”

Fulltrúar D-listans harma að fulltrúar B-listans skuli nú hlaupa frá því góða samstarfi sem listarnir áttu við gerð yfirstandi fjárhagsáætlunar.

Þá telja undirrituð ekkert samhengi á milli þess að hafa faglegt skólafélag í sveitarfélaginu og þess að efla leiksvæði sveitarfélagsins. D-listinn vinnur að því að efla leiksvæði sveitarfélagsins, en gerir það ekki á kostnað öflug skólafélags.

Undirrituð geta því ekki fallist á illa ígrundaða tillögu B-listans.

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson og Helga Fjóra Guðnadóttir.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson vék af fundi og sæti hans tók Gísli Stefánsson.

9. Náttúruverndaráætlun, umsögn sveitarfélaga:

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkir eftirfarandi ályktun:

Sveitarstjórnir Ásahrepps og Rangárþings ytra, lýsa undrun sinni á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru í stjórnsýslunni við afgreiðslu náttúruverndaráætlunar. Er þar m.a. vísað til þess að fulltrúar sveitarfélaga á Suðurlandi voru boðaðir á fund í Reykjavík með innan við 24 stunda fyrirvara til þess að veita umsögn um áætlunina.

Í Október 2006 var skipuð nefnd sem fór yfir mögulega stækkun friðlands í Þjórsárverum. Nefndin var skipuð fulltrúum sveitarfélaganna beggja megin

*Djósár og fulltrúa frá Umhverfissráðuneyti. Niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir í skýrslu um tillögur um stækkun friðlands í Þjórsárverum frá 14. mars 2007.
Sveitarstjórnir Ásahrepps og Rangárbings ytra styðja ofangreindar tillögur frá 14. mars 2007 og óska eftir að tillit verði tekið til þeirra við afgreiðslu náttúruverndarætlunar.*

Samþykkt samhljóða.

10. Lóðar kaup, Íþróttahús Þykkvabæ:

Til kynningar.

11. Niðurrif Mýrarkot, fyrrv. Leikskólahúsnæði Laugalandi:

Til kynningar.

12. Könnun vegna umferðar motor-cross hjóla í Þykkvabæjarfjöru:

Til kynningar.

13. Tvöföldun Suðurlandsvegur:

Sveitarstjórn Rangárbings ytra samþykkir eftirfarandi bókun:

„Sveitarstjórn Rangárbings ytra hefur ítrekað fjallað um nauðsyn þess að tvöföldun Suðurlandsvegur verði sett í tafurlausan forgang. Nýjum hugmyndum Vegagerðarinnar um 2+1 veg er því hafnað og þess krafist að framkvæmdir við tvöföldun Suðurlandsvegur verði hafnar án tafa. Tvöföldun Suðurlandsvegur er ófrávikjanlegt forgangsmál, þar sem engan afslátt má gefa af umferðaröryggi og flutningsgetu vegarins.“

Sveitarstjóra falið að koma sjónarmiðum sveitarstjórnar á framfæri við hlutaðeigandi yfirvöld.

Samþykkt samhljóða.

14. Rekstur sjúkrabifreiða í Rangárvallasýslu:

Ályktun sveitarstjórnar Rangárbings ytra um rekstur sjúkrabifreiðar í sýslunni, lögð fram á 39. fundi hreppsnefndar, þann 5. mars 2009.

„Í ljósi þess að Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur ákveðið að leggja til við heilbrigðisráðherra að draga úr öryggisþjónustu við íbúa Rangárvallasýslu með því að leggja niður vakt sjúkrabifreiðar á Hvolsvelli um helgar og eftir kl. 17 virka daga, vill sveitarstjórn Rangárbings ytra mótmæla harðlega þeim hugmyndum.

Er hér ekki einvörðungu um að ræða að sjálfsögð þjónusta við íbúa sýslunnar yrði stórlega skert, heldur væri öryggi allra íbúa og gesta sýslunnar sett í uppnám. Ef heilbrigðisráðherra samþykkir þessa tillögu mun hann um leið gera íbúa Rangárvallasýslu að 2. flokks borgurum. Slikt getur sveitarstjórn Rangárbings ytra aldrei sætt sig við og fordæmir því þessar tillögur HSu.

Það er krafa sveitarstjórnar Rangárbings ytra að vakt sjúkrabifreiðar sé til staðar í Rangárvallasýslu allan sólarhringinn allt árið um kring. Hér er um að ræða grunnþjónustu sem hinu opinbera ber að standa vörð um. Það eru mannréttindi, en ekki forréttindi, að hafa greiðan aðgang að sjúkrabifreið.

Skorar sveitarstjórnin á stjórnendur HSu að draga nú þegar tillöguna til baka. Jafnframt skorar sveitarstjórnin á heilbrigðisráðherra að tryggja Rangæingum þau sjálfsögðu mannréttindi að geta treyst á það öryggisnet sem nálægð sjúkrabifreiðar er.“

Sveitarstjóra falið að koma sjónarmiðum sveitarstjórnar á framfæri við hlutaðeigandi yfirvöld.

Samþykkt samhljóða.

15. Fyrirspurn frá B lista:

Eftirfarandi spurningar hafa borist frá B lista vegna úttektar INTELLECTA:

Spurningar B lista:

1. Hvað kostaði úttekt Intellecta ?
2. Hvernig túlkar sveitarstjóri eða oddviti niðurstöður úttektarinnar ?
3. Hefur verið gripið til einhverra aðgerða í kjölfari úttektarinnar ?
4. Hvenær verða niðurstöður úttektarinnar gerðar opinberar eins og sveitarstjóri lagði til á hreppsnefndarfundí 5. júní 2008 ?

Svar sveitarstjóra við fyrirspurnum B lista:

1. 1.499.535,-
2. Úttekt Intellecta innifelur niðurstöður úr viðtölum við sveitarstjórnarmenn, starfsmenn sveitarfélagsins og aðra tengda aðila og tillögur að aðgerðum. Sveitarstjóri leggur ekki túlkun á niðurstöður úr viðtölum. Hvað varðar tillögur að aðgerðum þá tekur sveitarstjóri undir þær.
3. Með vísan í tillögur um aðgerðir, þá hefur sveitarstjóri leitast eftir að breytt verði eftir þeim.

4. Skýrslan var gerð opinber 4. desember 2008, á 35. fundi hreppsnefndar

Bókun B-lista vegna úttektar INTELLECTA

B-listi fer fram á að intellecta kynni niðurstöður úttektarinnar fyrir hreppsnefnd og starfsmönnum sveitarfélagsins á fundi til þess að nýta þessa miklu vinnu sem fram fór. Í framhaldinu kynni sveitarstjóri fyrir sömu aðilum hvað hann hyggst gera eða hafi gert við niðurstöðurnar.

5.mars 2009 - Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Ólafur Elvar Júlíusson

F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

- F.1. Mótvægisáðgerðir vegna fyrirhugaðrar Búðarhálsvirkjunar.
Til kynningar.
- F.2. Ráðstefna Leirubakka. Tormod Torfeus.
Til kynningar.
- F.3. Ársfundur Íslenskra orkurannsóknna.
Til kynningar.
- F.4. Ráðstefna um evrópsk sveitarstjórnarmál, ESB.
Til kynningar.
- F.5. Tónlistarhátíðin "NORDIC BLUES FESTIVAL" í Rangárvallasýslu, styrkumsókn.
Hreppsnefnd samþykkir að veita Tónlistarhátíðinni "NORDIC BLUES FESTIVAL" í Rangárvallasýslu styrk að upphæð 100.000 kr.
Samþykkt samhljóða.
- F.6. Áskorun KSÍ til sveitarfélaga um stuðning til sveitarfélaga
Erindinu er vísað til Íþróttar- og æskulýðsnefndar.
- F.7. Rangárbakkar, hestamiðstöð Suðurlands ehf, umsókn um styrk á móti álögðum fasteignaskatti.
Hreppsnefnd samþykkir að veita Rangárbökkum, hestamiðstöð Suðurlands styrk að upphæð 347.818 kr. á móti álögðum fasteignaskatti.
Samþykkt samhljóða.
- F.8. Húsakynni, aðalfundur 18.mars 2009.
Til kynningar.
- F.9. Aðalfundur Búnaðarfélags Rangárvallahrepps, 9. mars 2009.
Til kynningar.

G. Annað efni til kynningar:

- G.1. Slysavarnarfélagið Landsbjörg, sjálfboðaliðsstarf á hálendinu.
- G.2. Samgönguráðuneytið, vegna fjárhagsáætlana 2009, fjármálegra upplýsinga, auk tengds efnis.
- G.3. Varasjóður húsnæðismála, könnun á stöðu leiguíbúða.
- G.4. Samband íslenskra sveitarfélaga, minnisblöð.
- G.5. KPMG, vegna veðhæfni fasteigna sveitarfélaga.
- G.6. Fornleifavernd ríkisins, vegna deiliskipulags, Skarð/ Króktún.
- G.7. Álagning fasteignagjalda á mannvirki á Holtamannaafreitt.
- G.8. Skipulagsmál á afreittum.
- G.9. Reiðvegir og þjónusta í Rangárvallasýslu, styrkumsóknir úr verkefninu Klasar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.10.

*Torgils Þorfi Jónsson
Sveitarstjóri
Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir
Guðfinna Þorvaldsdóttir
Ólafur Elvar Júlíusson*

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

40. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 2. apríl 2009, kl. 13.00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ólafur Elvar Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri og Indriði Indriðason, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð. Gísli Stefánsson tók sæti á fundinum er Sigurbjartur Pálsson vék af fundi.

Við bætist liðir nr. 1.15., 1.16. og F.4. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 37. fundur, 19. feb. 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 33. fundur, 25. mars 2009.
Til kynningar.
- 1.3. Íþróttá- og æskulýðsnefnd, 25. fundur, 18. mars 2009, ásamt fylgigögnum.
Fundargerðin er staðfest og er kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
Samþykkt samhljóða.
- 1.4. Fræðslunefnd, 23. fundur, 25. mars 2009, með reglum um skólahverfi.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.5. Skólaráð Laugalandsskóla, fundur 24. mars 2009.
Til kynningar.
- 1.6. Stóru Versalir, fundur með veiðifélaga Holtamannaafreittar, fundur 20. mars 2009.
Fundargerðin er staðfest og er kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
Samþykkt samhljóða.
- 1.7. Samráð í íþróttá- og æskulýðsmálum, Rangárþing ytra og Ásahrepps, fundur 20. mars 2009.
Til kynningar.
- 1.8. Öldur III, verkstaða, fundur 19. mars 2009, með verkáætlun og tillögu að viðaukasamningi.
Fundargerðin er staðfest. Sveitarstjóra falið að undirrita viðaukasamning fyrir hönd sveitarfélagsins og kostnaði er vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.
Samþykkt samhljóða.
- 1.9. Samfella í skóla- og íþróttamálum, fundur 24. mars 2009.
Til kynningar.
- 1.10. Samfella í skóla- og íþróttamálum, fundur 30. mars 2009.
Til kynningar.
- 1.11. Heilbrigðisstofnun Suðurlands Rangárþing ytra og Ásahreppur, fundur 30. mars 2009.
Undir þessum lið er lögð fram fundargerð sveitarstjórna í Rangárvallasýslu um sjúkraflutningsmál í sýslunni frá 2. apríl.2009.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðirnar.
Samþykkt samhljóða.
- 1.12. Sorporkuver í Rangárvallasýslu, fundur 23. mars 2009.
Fundargerð er vísað til Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.
Samþykkt samhljóða.
- 1.13. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 117. fundur, 17. mars 2009.
Til kynningar.
- 1.14. SASS, 422. fundur, 19. mars 2009.
Til kynningar.
- 1.15. Fræðslunefnd, 24. fundur, 1. apríl 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.16. Byggingarnefnd, 22. fundur, 1. apríl 2009.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar Rangárþing ytra.
Samþykkt samhljóða.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:

- 2.1. Litli-Klofi, sumarhúsaloð úr landbúnaðarnotkun.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að sumarhúsaloð nr. 1, landnúmer 206098 úr landi Litla-Klofa, verði tekin úr landbúnaðarnotum.
Samþykkt samhljóða.
- 2.2. Háfshjáleiga, landskipti.
Sveitarstjóra falið að afla frekari gagna. Afgreiðslu frestað.
Samþykkt samhljóða.
- 2.3. Hagi, spila nr. 165224, lögbýlisstofnun.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis á spildu með landnúmeri 165224 úr landi Haga.
Samþykkt samhljóða.
- 2.4. Þjóðólfshagi, bygging geymslu og hesthúss.
Til kynningar.
- 2.5. Helluflugvöllur, landskipti.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við landskipti úr landi Helluflugvallar landnr. 164506, í fjórar spildur; lóð C landnr. 217203 (6.315 fm.), lóð D landnr. 217202 (39.630 fm.), lóð E landnr. 217209 (27.200 fm.) og lóð F landnr. 217210 (2.441 fm.).
Samþykkt samhljóða.

3. Umsóknir um skólavist og tengd erindi:

- 3.1. Tónsmiðja Suðurlands, Í.K.M. kt. 170491-xxxx.
Sveitarstjórn fellst á erindi um kostnaðarþátttöku vegna náms Í.K.M. við Tónsmiðju Suðurlands, enda sambærilegt nám ekki í boði hjá Tónlistarskóla Rangæinga.
Samþykkt samhljóða.
- 3.2. Tónsmiðja Suðurlands, K.I.G. kt. 220688-xxxx.
Sveitarstjórn hafnar erindinu með vísan í að aldur umsækjanda er hærrí en almenn viðmiðunarmörk sveitarfélagsins gera ráð fyrir.
Samþykkt samhljóða.

4. Umsagnir um leyfi fyrir veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

- 4.1. Embla ferðaþjónusta, Leirubakka.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfis til rekstur gististaðar flokk V og veitingastaðar flokks II að Leirubakka og Heklusetrinu, með fyrirvara um samþykki annarra aðila er málið varðar.
Samþykkt samhljóða.
- 4.2. Ferðaþjónustan Galtalæk II.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfis til rekstur gististaðar flokk I að Galtalæk II, með fyrirvara um samþykki annarra aðila er málið varðar.
Samþykkt samhljóða.

5. Skuldabréfaútböð.

Sveitarstjórn samþykkir að heimila sveitarstjóra að ganga til viðræðna við Kaupþing á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs vegna skuldabréfaútgáfu allt að 250. millj. kr.. Markmið með fyrirhugaðri útgáfu er að loka fjármögnun ársins 2008 og fjármögnun framkvæmda ársins 2009 á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar 2009. Lánskjör verða borin upp til samþykktar hjá sveitarstjórn þegar þau liggja fyrir.
Samþykkt samhljóða.

Sigurbjartur Pálsson vék af fundi og tók Gísli Stefánsson sæti hans.

6. Sumarstörf þjónustumiðstöðvar og vinnuskóla.

Sveitarstjóra falið að kanna nánar verkefni til atvinnuefingar m.a. með samstarfi við stofnanir og félagasamtök í sveitarfélaginu og Vinnumálastofnun. Afgreiðslu erindisins er frestað.
Samþykkt samhljóða.

7. Frágangur vegyfirborðs Suðurlandsvegar við reiðgöng og Dynskála.

Sveitarstjóra falið að ræða við Vegagerð ríkisins um yfirborðsfrágang. Afgreiðslu erindisins er frestað.
Samþykkt samhljóða.

8. Ráðstöfun gamla leikskólahússins á Laugalandi.

Til kynningar.

9. Lóðir Gaddstaðalandi.

Til kynningar.

10. Greinargerð vegna halla fjárhagsáætlunar 2009, með vísan í 14. lið 37. fundar hreppsráðs.

Til kynningar.

11. Gatnagerðargjöld, með vísan í 7. lið 36. fundar hreppsnefndar.

Sveitarstjóra falið að óska eftir formlegu álitni frá samgönguráðuneyti um hvað beri að gera í málinu.
Ennfremur að innheimta umrædd gatnagerðargjöld af lóðarhafa.
Samþykkt samhljóða.

12. Úttekt Intellecta.

Sveitarstjóra falið að óska eftir kynningarfundi í 18. viku.
Samþykkt samhljóða.

13. Ásahreppur, endurskoðun aðalskipulags.

Til kynningar.

14. Ljósleiðaravæðing Hellu.

Til kynningar.

15. Þriggja ára fjárhagsáætlun. Fyrri umræða.

Sveitarstjóri kynnti áætlunina. Áætlunin rædd og vísað til síðari umræðu sem ákveðin er 7. maí 2009.
Oddvitum B og D lista er falið að vinna frekar að þriggja ára áætlun í samstarfi við sveitarstjóra.
Samþykkt samhljóða.

F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

- F.1. Styrkbeiðni frá foreldrafélagi Leikskólans Heklukots vegna íþróttaskóla leikskólabarna, vísað til hreppsnefndar á 37. fundi hreppsráðs.

Tillaga frá Guðfinnu Þorvaldsdóttur, að styrkja verkefnið um 60 þús. kr.

Tillagan er felld með þremur atkvæðum D lista (ÞTJ) (IPG) (GS) gegn 3 atkvæðum B lista (ÓEJ) (MÝS) (GP) einn sat hjá (HFG). Erindinu er því hafnað.

- F.2. Ráðstefna, Styrkur eldra fólks á erfiðum tímum.

Til kynningar.

- F.3. Samgönguáætlun 2011 – 2022, hugarflugsfundur.

Til kynningar.

- F.4. Töðugjöld 2009.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson vék af fundi vegna vanhæfis

Gísla Stefánssyni, formanni atvinnu og menningarmálanefndar, er falið að ræða við bréfitara og leggja tillögu fyrir sveitarstjórnum. Um aðkomu sveitarfélagsins að „Sumarhátíð“ á Gaddstaðahlötum.

Samþykkt samhljóða.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson tók aftur sæti á fundinum.

G. Annað efni til kynningar:

G.1. Brunamálastofnun, vegna óleyfisíbúða í sveitarfélaginu, svör byggingarfulltrúa.

G.2. Endurskoðun leigusamnings við Helluvað.

G.3. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, vegna reglubundins eftirlits.

G.4. Réttarnesvegur, bréf.

G.5. Umhverfisstofnun, vegna raf- og rafendatækjaúrgangs.

G.6. Samráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga og ráðherra.

G.7. Samgönguráðuneytið, jöfnunarsjóður, framlag til nýbúafræðslu.

G.8. Þjóðskrá, vegna kjörskrár.

G.9. Stefnumótun Sambands ísl. sveitarfélaga í málefnum innflytjenda.

G.10. Þinglýst skjöl frá sýslumanni á Hvolsvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00

Þorgerður Torfi Jónsson
Ólafur
Margrét Yfir Sigurgensd.
Guðmundur P. Pólsen
Selma Póla Helmar.
Guðrún
Þorvaldur Guðbjörnsson

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

41. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 7. maí 2009, kl. 13.00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Gísli Stefánsson, Ólafur Elvar Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Sigfús Davíðsson. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri og Indriði Indriðason, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu Helga Fjöla Guðnadóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir Þórhallur Svavarsson tók sæti á fundinum, við brotthvarf Gísla Stefánssonar.

Við bætist liðir nr. 1.15., 1.16., 1.17., 2.2. og F.13. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

1.1. Hreppsráð, 38. fundur, 22. apr. 2009.

Eftirfarandi bókun kom frá B-lista.

Bókun er varðar lánstöku sveitarfélagsins vegna tengibyggingar að Suðurlandsvegi 1-3.

Við undirritaðir fulltrúar B-lista viljum taka undir nauðsyn þess að bæta aðgengi fólks að skrifstofu sveitarfélagsins og einnig að stuðlað verði að bættri þjónustu við íbúana eins og með húsnæði fyrir lágvörðuverðsverslun á Hellu.

Það er okkar álit að kanna þurfi vel eftirfarandi þætti, áður en framkvæmdir hefjast og samið verði við hugsanlega útbótsaðila varðandi bygginguna:

1. *Að fengið verði álit frá endurskoðanda sveitarfélagsins varðandi fyrirhugaða fjárskuldbindingu og hvort að tekjur sveitarfélagsins standi undir slíkum framkvæmdum í ljósi nýrra tíma.*

2. *Að lánsloforð eða fjármagn fyrir heildarfjármögnun á verkinu er snýr að kostnaðarþætti sveitarfélagsins liggja fyrir, til að tryggj verði að hægt sé að klára bygginguna.*

3. *Að tryggj verði að starfandi fyrirtæki í sveitarfélaginu og einstaklingar hafi forgang um verk er varðar bygginguna, til að skapa eins mörg störf og hægt er. Einnig til þess að fjármagnskostnaður sveitarfélagsins er varðar bygginguna nýtist sem best fyrir íbúa/ skattgreiðendur sveitarfélagsins.*

4. *Að samningur um a.m.k. lágvörðuverðsverslun í tengibyggingunni, liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.*

5. *Að önnur þjónusta eins og grunnþjónusta á vegum sveitarfélagsins, er varðar velferð fólks raskist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda.*

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Sigfús Davíðsson, Ólafur Elvar Júlíusson

Bókun fulltrúa D-lista vegna bókunar fulltrúa B-lista við lið 17 í 38. fundargerð hreppsráðs, lögð fram á 41. fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra, 7. maí 2009:

Umrædd framkvæmd hefur verið í undirbúningi um langt árabil. Góð sátt hefur verið um framkvæmdina og við gerð síðustu fjárhagsáætlunar var full samstaða innan sveitarstjórnar um málið. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 var gert var ráð fyrir framlagi í tengibygginguna og var unnið sameiginlega að áætluninni og hún samþykkt samhljóða.

Þeir fyrirvarar sem fulltrúar B-lista setja nú fram í 5 liðum verða að teljast sérkennilegir og óvæntir og hringlandaháttur B-listans með ólíkindum. Furðu sættir að fulltrúar B-lista skuli láta sér detta í hug að framkvæmdin komi til með að skerða grunnþjónustu sveitarfélagsins. Fulltrúar D-lista telja það algjört grundvallaratriði að verja grunnþjónustuna og var það m.a. gert við síðustu fjárhagsáætlunargerð. Þá hafa fulltrúar B-lista margoft séð samning við Kaupás um lágvörðuverðsverslun og sérkennilegt að bóka nú að samningar sem hafa legið fyrir í mörg ár eigi að liggja fyrir. Samningar sem margoft hafa legið á borði sveitarstjórnar.

Þá er einnig rétt að minna fulltrúa B-lista á að sveitarfélagið er einungis 50% eignaraðili að byggingunni. Tengibyggingin bætir einnig verulega aðgengi íbúa svæðisins að Verkalyðshúsinu þar sem heilsugæsla er á neðri hæð og tannlæknaþjónusta og önnur þjónusta á efri hæðinni. Þá fá önnur fyrirtæki á svæðinu betra verslunarplass, sem er til hagsbóta fyrir samfélagið, inni í miðryminu s.s. apótekið.

Dapurlegt er að fulltrúar B-lista skuli gera sig líklega til að stökkva frá málinu með þessum hætti þegar undirbúningur er á lokastigi og útbod á næsta leyti. Fulltrúar D-lista láta slíkt ekki á sig fá og munu ótraudir halda áfram að vinna að framfarumálum innan Rangárþings ytra með velferð og hag íbúanna að leiðarljósi.

Dorgils Torfi Jónsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Gísli Stefánsson.

Fundargerðin er staðfest.

Samþykkt samhljóða.

- 1.2. Skipulagsnefnd Rangárþings, 17. fundur, 24. mars 2009.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er lúta að sveitarfélaginu.
Samþykkt samhljóða.
- 1.3. Skipulagsnefnd Rangárþings, 18. fundur, 3. maí 2009.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er lúta að sveitarfélaginu.
Samþykkt samhljóða.
- 1.4. Íþrótt- og æskulýðsnefnd, 26. fundur, 29. apríl 2009.
Til kynningar.
- 1.5. Mötuneytismál, vinnuhópur, 6. fundur, 28. apríl 2009.
Til kynningar.
- 1.6. Endurskoðun aðalskipulags, 9. fundur, 29. apríl 2009.
Til kynningar.
- 1.7. Hálendisnefnd, 4. fundur, 24. apríl 2009.
Til kynningar.
Gísli Stefánsson vék af fundi og tók Þórhallur Svavarsson sæti hans á fundinum.
- 1.8. Vatnsveitumál, fundur 28. apríl 2009.
Til kynningar.
- 1.9. Sorpstöð Suðurlands, 169. fundur, 17. apríl 2009.
Til kynningar.
- 1.10. Sorpstöð Suðurlands, 170. fundur, 30. apríl 2009.
Til kynningar.
- 1.11. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 118. fundur, 21. apríl 2009.
Til kynningar.
- 1.12. Vinnumarkaðsráð Suðurlands, fundur 20. mars 2009.
Til kynningar.
- 1.13. Viðbygging leikskóla, 6. fundur, 18. sept. 2008.
Til kynningar.
- 1.14. Tún vottunarstofa, aðalfundur, 20. mars 2009, með starfsskýrslu og ársreikningi.
Til kynningar.
- 1.15. Samfella í skóla- og íþróttamálum, fundur 6. maí 2009.
Til kynningar.
- 1.16. Byggingarnefnd, 23. fundur, 6. maí 2009.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er lúta að sveitarfélaginu.
Samþykkt samhljóða.
- 1.17. Bygging íbúðarhúsnæðis á vegum sveitarfélagsins, 2. fundur, 6. maí 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:

- 2.1. Hellar, landskipti.
Afgreiðslu frestað, og sveitarstjóra falið að afla gagna um málið.
Samþykkt samhljóða.
- 2.2. Lýtingsstaðir, landskipti.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við eftirfarandi landskipti; úr landi Lýtingsstaða lnr. 165121, lóð Grásteinsholt, lnr. 218400 (7,2 ha.). Lögbýlisréttur fylgir áfram Lýtingsstöðum.
Samþykkt samhljóða.

3. Skipulagsmál og tengd erindi:

- 3.1. Leirubakki, Fjallaland, breyting á deiliskipulagi.
Sveitarstjórn staðfestir breytt deiliskipulag Leirubakka.
Samþykkt samhljóða.

4. **Þriggja ára fjárhagsáætlun. Síðari umræða.**
 Áætlunin gerir ekki ráð fyrir árlegri hækkun tekna og gjalda frá fjárhagsáætlun 2009. Gert er ráð fyrir að verja sem nemur 586 milljónum kr. til framkvæmda og fjárfestinga.
 Áætlunin borin upp og samþykkt með 4 atkvæðum D-lista, 3 sitja hjá af B-lista (ÓEJ), (GP), (SD).
5. **Lóðir Gaddstaðalandi, stefna.**
 Sveitarstjóra falið að láta taka til varna í málinu.
 Samþykkt samhljóða.
6. **Húsaleigusamningur við Kaupás hf. vegna Krónubúðar á Hellu.**
 Sveitarstjóra falið að tilkynna Kaupás hf. um áform um byggingu tengibyggingar milli Suðurlandsveggar 1 og 3 og kalla eftir efnd húsaleigusamnings.
 Samþykkt samhljóða.
7. **Brekka, kaup á landi.**
 Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að gera tillögu um lóðamörk við íþróttahús í Þykkvabæ og kynna sveitarstjórn og er frekari afgreiðslu frestað.
 Samþykkt samhljóða.
8. **Sjúkraflutningar í Rangárvallasýslu.**
 Lagt fram „Verklag við boðun sjúkraflutningsmanna við Heilbrigðisstofnun Suðurlands Árnassýslu, Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra”.
 Sveitarstjórn mótmælir harðlega framlögðum verklagsreglum og ítrekar fyrri bókanir vegna skerðingar sjúkraflutningsþjónustu í Rangárvallasýslu.
 Samþykkt samhljóða.
9. **Úthlutun úr framkvæmdasjóði aldraðra.**
 Til kynningar.
10. **Flutningskostnaður vegna landbóta á Rangárvallaafrétti.**
 Sveitarstjórn hafnar erindinu, til að gæta jafnræðis milli afrétta, og vísar því til uppgjörðs fjallskilasjóðs Rangárvallaafréttar.
 Samþykkt samhljóða.
- F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**
- F.1. Golfklúbburinn Hellu, alþjóðlegt unglíngamót.
 Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar því til héraðsnefndar Rangæinga til afgreiðslu.
 Samþykkt samhljóða.
- F.2. Vegahandbókin.
 Sveitarstjórn hafnar erindinu.
 Samþykkt samhljóða.
- F.3. Háskólafélag Suðurlands.
 Til kynningar.
- F.4. Starfsendurhæfing Suðurlands, stofnfundur.
 Til kynningar.
- F.5. Flutningur þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga, málþing.
 Til kynningar.
- F.6. Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands, ársfundur.
 Til kynningar.
- F.7. Samfélagslegar afleiðingar fjármálakreppu, málþing.
 Til kynningar.
- F.8. Íslensk þjóðfélagsfræði, ráðstefna.
 Til kynningar.
- F.9. Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf., aðalfundur.
 Til kynningar.
- F.10. Skipulagsstofnun, samráðsfundur.
 Til kynningar.
- F.11. Jafnréttisstarf í skólum, námsstefna.
 Til kynningar.
- F.12. Aðgengi ehf., ráðgjafþjónusta.
 Til kynningar.
- F.13. Samband íslenskra sveitarfélaga, samráðsfundur um efnahagsvandann.
 Til kynningar.
- G. Annað efni til kynningar:**
- F.14. Vinnumálastofnun, átaksverkefni.
 F.15. Samstarfsvettvangur fyrir atvinnulaust ungt fólk.

- F.16. Samband ísl. sveitarfélaga, samskipti við Alþingi og ríkisstjórn.
- F.17. Heilsuvernd, vegna svínaflensu.
- F.18. Ásahreppur, vegna Búðarhálsvirkjunar/Sporðöldulóns.
- F.19. Þinglýst skjöl frá sýslumanni á Hvolsvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.20

Jóns Þorfi Jónsson
Lárus T. Þorðsson
Móður Jóns
Egill
Egill Davíðsson
Yrtekk Svana
Sigrún Jónsdóttir
D. H.
[Signature]

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

42. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Leirubakka, miðvikudaginn 20. maí 2009, kl. 9:30.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Gísli Stefánsson, Þórhallur Svavarsson, Ólafur Elvar Júlíusson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Sigfús Davíðsson. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir og Guðfinna Þorvaldsdóttir

Við bætist liðir nr. 1.14., 1.15., 1.16, 2.3., 2.4. og F.16. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 34. fundur, 29. apríl 2009.
Til kynningar.
- 1.2. Skipulagsnefnd Rangárþings, 19. fundur, 12. maí 2009.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er lúta að sveitarfélaginu.
Samþykkt samhljóða.
- 1.3. Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, fundur 12. maí 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.4. Sjúkraflutningamál í Rangárvallasýslu, fundur, 12. maí 2009.
Til kynningar.
- 1.5. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs., aðalfundur, 6. maí 2009, með ársreikningi.
Til kynningar.
- 1.6. Þjórsársveitir og Ölfus, samráðsfundur, 11. maí 2009.
Til kynningar.
- 1.7. SASS, 423. fundur, 7. maí 2009.
Til kynningar.
- 1.8. Skólaskrifstofa Suðurlands, 114. fundur, 11. maí 2009.
Til kynningar.
- 1.9. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 284. fundur, 6. maí 2009.
Til kynningar.
- 1.10. Sorpstöð Suðurlands, 171. fundur, 11. maí 2009.
Til kynningar.
- 1.11. Samband íslenskra sveitarfélaga, 763. fundur, 29. apríl 2009.
Til kynningar.
- 1.12. Vinnumarkaðsráð Suðurlands, 11. fundur, 30. apríl 2009.
Til kynningar.
- 1.13. Vinnuhópur um samfellu í skóla- og íþróttamálum, 13. maí 2009.
Til kynningar.
- 1.14. Samgöngunefnd, 9. fundur, 11. desember 2008.
Til kynningar.
- 1.15. Samgöngunefnd, 10. fundur, 23. mars 2009.
Til kynningar.
- 1.16. Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs., fundur, 19. maí 2009.
Til kynningar.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:

- 2.1. Hagi, landskipti.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að lóð merkt 2, lnr. 218421 (9385 fm.) verði skipt úr landi Haga lnr. 165085.
Samþykkt samhljóða.
- 2.2. Ægissíða 1. landskipti.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við eftirfarandi landskipti: úr landi Ægissíðu 1 lnr. 165540; Ægissíða 1, lóð 1 lnr. 218358 (1,42 ha.), Ægissíða 1, lóð 3 lnr. 218359 (1,37 ha.), Ægissíða 1, lóð 4, lnr. 218360 (1,31 ha.), Ægissíða 1, lóð 5, lnr. 218361 (1,27 ha.) og Ægissíða 1, lóð 7 lnr. 218362 (1,31 ha.).
Samþykkt samhljóða.

- 2.3. Hellar, landskipti.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við eftirfarandi landskipti; 2 lóðir úr landi Hellna lnr. 164976; Hellar, land A lnr. 218372 (20,0 ha.) og Hellar, land B lnr. 218373 (5,0 ha.). Lögbylisréttur fylgir áfram Hellum.
Samþykkt samhljóða.
- 2.4. Litli Klofi, landskipti.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að skipt verði úr landi Litla Klofa lnr. 164989; lóð nr. 1 lnr. 206098 (8390 fm.).
Samþykkt samhljóða.
- 3. Umsóknir um veitingaleyfi og tengd erindi:**
- 3.1. Austvaðsholt.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfis til rekstur gististaðar í flokki II að Austvaðsholti, með fyrirvara um samþykki annarra aðila er málið varðar.
Samþykkt samhljóða.
- 3.2. Veiðihús Ytra Rangá.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfis til rekstur gististaðar í flokki V í Veiðihúsi við Ytri Rangá, með fyrirvara um samþykki annarra aðila er málið varðar.
Samþykkt samhljóða.
- 4. Nautilíus Ísland, leigusamningur.**
Sveitarstjóra falið að undirrita framlagðan samning við Nautilíus Ísland ehf. varðandi leigu á húsnaði í íþróttamiðstöð sveitarfélagsins á Hellu, til reksturs heilsuræktarstöðvar.
Samþykkt samhljóða.
- 5. Minnisvarði við Hófsvað Tungufljóti.**
Til kynningar.
- 6. Veiðihús við Ármót, fornleifavernd.**
Til kynningar.
- 7. Geldingalækur, erindi veiðifélags Ytri Rangár.**
Til kynningar.
- 8. Gaddstaðaland, varðar stefnu.**
Til kynningar.
- 9. Heiðvangur 2, vegna gatnagerðargjalda.**
Sveitarstjórn fellst á að endurgreiða gatnagerðargjöld í samræmi við lög og reglur sem um það gilda.
Samþykkt samhljóða.
- 10. Hekla, handverkshús.**
Afgreiðslu frestað. Sveitarstjóra falið að kalla ferðaþjónustuaðila í sveitarfélaginu til samráðs hið fyrsta.
Samþykkt samhljóða.
- 11. Alifuglabú á Geitasandi, umsókn Landgræðslu ríkisins,**
Vinnuhópi um endurskoðun aðalskipulags falið að ræða við bréfitara um málið.
Samþykkt samhljóða.
- 12. Hagi, vegna byggingarleyfis.**
Til kynningar.
- 13. Vegagerðin umsóknir um styrki úr styrkvegaskjóði.**
Til kynningar.
- 14. Endurskoðun aðalskipulags 2008 – 2020.**
Tillaga um að senda fyrirbyggjandi skipulagsgögn til lögformlegra umsagnaraðila.
Samþykkt samhljóða.
- F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**
- F.1. Vélhjólaklúbbur Rangæinga, vegna aðstöðu.
Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir aðstöðu fyrir vélhjólaklúbbinn. Niðurstöður verði sendar íþrótt- og æskulýðsnefnd til umsagnar.
Samþykkt samhljóða.
- F.2. Ungmennafélagið Hekla, vegna aðstöðu.
Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir aðstöðu fyrir ungmennafélagið. Niðurstöður verði sendar íþrótt- og æskulýðsnefnd til umsagnar.
Samþykkt samhljóða.
- F.3. Ungmennafélagið Hekla, vegna íþrótt- og leikjaskóla.
Sveitarstjóra falið að aðstoða Ungmennafélagið Heklu við undirbúning og starfrækslu íþrótt- og leikjaskóla, í forni vinnuframlags og aðstöðu.




Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

43. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 4. júní 2009, kl. 9:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ólafur Elvar Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri og Indriði Indriðason sem ritaði fundargerð.

Liður 1.10. breytist og við bætast liðir 1.11. og 15. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 39. fundur, 27. maí 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 19. fundur, 19. maí 2009.
Til kynningar.
- 1.3. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., aðalfundur, 20. maí 2009, ásamt ársreikningi.
Til kynningar.
- 1.4. Héraðsnefnd Rangæinga, 9. fundur, 20. maí 2009, ársreikningar Héraðsnefndar og Tónlistarskóla Rangæinga.
Til kynningar.
- 1.5. Byggingarnefnd Rangárþings bs., 24. fundur, 3. júní 2009.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er lúta að sveitarfélaginu.
Samþykkt samhljóða.
- 1.6. Vinnuhópur um mótvægisáðgerðir á Búðarhálsi og Þóristungum, minnisblað af fundi, 6. maí 2009.
Til kynningar.
- 1.7. Sorpstöð Suðurlands, 172. fundur, 27. maí 2009.
Til kynningar.
- 1.8. Samband íslenskra sveitarfélaga, 764. fundur, 22. maí 2009.
Til kynningar.
- 1.9. Ferðapjónustuaðilar, fundur vegna upplýsingamiðstöðvar, minnisblað, 28. maí 2009.
Til kynningar.
- 1.10. Vinnuhópur um mótuneytismál, 7. fundur, 3. júní 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt með sex atkvæðum, einn sat hjá (GP).
- 1.11. Fjallaskiladeild Rangárvallaafreittar, fundur 2. júní 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:

- 2.1. Ketilsstaðir, landskipti.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að skipt verði úr landi Ketilsstaða lnr. 165101, lóð merkt H, lnr. 218427 (25.762 fm.).
Samþykkt með fimm atkvæðum, tveir sitja hjá (GP), (MÝS).

3. Skuldabréfaútböð.

Sveitarstjórn samþykkir tilboð að upphæð 70. millj. kr. í skuldabréf útgefin af sveitarfélaginu. Skuldabréfin bera 6,20% vexti og eru greiðsluskilmálar í samræmi við tilboð sem kynnt var sveitarstjórn á 40. fundi sveitarstjórnar. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að halda áfram sölu á skuldabréfum í samræmi við ofangreint tilboð á 6,20% vöxtum allt að 180 milljónir í viðbót, eða í heild 250 milljónir kr.

Samþykkt samhljóða.

4. Landform ehf., vegna deiliskipulags Landmannalaugum.

Til kynningar.

5. Kjarvalsverslun, vegna framkvæmda.

Sveitarstjóra falið að tryggja sem greiðastan aðgang að fyrirtækjum og stofnunum við Suðurlandsveg 1 og 3 á meðan framkvæmdir við tengibyggingu standa yfir.

Samþykkt samhljóða.

6. Fréttablaðið, uppsetning blaðakassa.

Fallist er á uppsetningu blaðakassa á Hellu í tilraunaskyni. Sveitarstjóra falið að afgreiða málið í samráði við bréfrítara.

Samþykkt samhljóða.

7. Garðsláttur, eldri borgarar og öryrkjar.

Sveitarstjórn samþykkir að veita garðslátt til eldri borgara og öryrkja og er gjaldið kr. 3.000 fyrir fyrstu fjóra slætti eftir það er þjónustan veitt fyrir kr. 9.000.

Samþykkt samhljóða.

8. Ruslafötur á Hellu, erindi umhverfisnefndar Grunnskólans á Hellu.

Sveitarstjórn þakkar erindið og fagnar öllum áhuga á umhverfismálum og felur sveitarstjóra að vinna að uppsetningu ruslafata.

Samþykkt samhljóða.

9. Upplýsingamiðstöð ferðamanna.

Samþykkt að fela Handverkshúsinu Heklu, rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamanna frá 1. júní til 30. ágúst 2009. Tilhögun upplýsingagjafar til ferðamanna verði endurskoðuð að þeim tíma loknum.

Samþykkt samhljóða.

10. Leikskólinn Laugaland, stöðugildi.

Fallist er á erindi um fjölgun stöðugilda við leikskólann Laugalandi í 8,3 stöðugildi vegna fjölgunar barna á leikskólanum Laugalandi. Kostnaði vísað til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.

Samþykkt samhljóða.

11. Leikskólinn Heklukot, könnun meðal foreldra.

Til kynningar.

12. Ráðstöfun gamla leikskólahússins á Laugalandi.

Sveitarstjórn dregur til baka fyrri áform um að rífa gamla leikskólahúsið á Laugalandi.

Samþykkt samhljóða.

13. Kosningar í embætti sveitarstjórnar til eins árs.

Kjör oddvita til eins árs:

Tillaga um að Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Hellu, verði oddviti 2009 - 2010.

Samþykkt samhljóða.

Kjör varaoddvita til eins árs:

Tillaga um að Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Kornbrekkum, 851 Hellu, verði varaoddviti 2009 - 2010.

Samþykkt samhljóða.

Kjör hreppsráðs til eins árs:

Tillaga um að eftirtaldir hreppnefndarfulltrúar skipi hreppsráð 2009 - 2010:

Aðalmenn: Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella, Ingvar P. Guðbjörnsson, Kornbrekkum, 851 Hella og Ólafur Elvar Júlíusson, Nestúni 1, 850 Hella

Samþykkt samhljóða.

Til vara: Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Hella, Helga Fjöla Guðnadóttir, Skarði, Landsveit, 851 Hella og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir Bolöldu 4 Hellu.

Samþykkt samhljóða.

Kjör formanns og varaformanns hreppsráðs til eins árs:

Tillaga um að Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella, verði formaður 2009 - 2010 og að Ingvar P. Guðbjörnsson, Kornbrekkum, 851 Hella, verði varaformaður 2009 - 2010.

Samþykkt samhljóða.

14. Breyting á skilmálum skuldabréfs.

Hreppnefnd Rangárþings ytra samþykkir framlagðar breytingar á greiðsluskilmálum lánasamnings, frá Kaupþingi er varða lán númer 0308-35-6347.

Samþykkt samhljóða.

15. Starfshópur um framtíðarskipan úrgangsmála á Suðurlandi.

Þorgils Torfa Jónssyni falið að taka sæti í starfshópnum og Sigurbjartur Pálssyni til vara.

Samþykkt samhljóða.

F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

15.1. Landskerfi bókasafna hf., aðalfundur.

Til kynningar.

15.2. SASS, ársþing 2009.

Til kynningar.

15.3. Minjavörður Suðurlands.

Til kynningar.

G. Annað efni til kynningar:

- G.1. Samband íslenskra sveitarfélaga, allsherjarþing CEMR.
- G.2. Samgönguráðuneytið, áframhald vinnu við eflingu sveitarstjórnarstígsins.
- G.3. Samband íslenskra sveitarfélaga, frumvarp til vegalaga.
- G.4. Samband íslenskra sveitarfélaga, reglur um skólaakstur.
- G.5. Samstarfsverkefni um stöðu iðjuþjálfara, greinargerð.
- G.6. Suðurlandsvegur 1-3, svör við fyrirspurnum verktaka.
- G.7. Suðurlandsvegur 1-3 ehf., vottorð úr fyrirtækjaskrá.
- G.8. Vegagerðin, móttaka bréfa.
- G.9. Þinglýst skjöl frá sýslumanni á Hvolsvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.40

Þengils Þorfi Þórunn
Ardanna Þórsdóttir
Innvið L. Antónsson
Sigrúnardóttir
Helga Þórsdóttir
Hilja
Margrét Lyr Sigurgeirsd.
Sinn

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

44. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 2. júlí 2009, kl. 13:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir, Gísli Stefánsson, Ólafur Elvar Júlíusson, Sigfús Davíðsson og Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir. Að auki Indriði Indriðason, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð. Undir lið 1 og 2 sat fundinn Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi fundinn.

Eftirfarandi tillaga er gerð um breytingu á dagskrá:

Við bætist liður 5.14, fundargerð Byggingarnefndar Rangárþings bs. 25. fundur., 1. júlí 2009.

1. **Ársreikningur sveitarfélagsins 2008.**
Ársreikningar sveitarfélagsins 2008 lagðir fram til kynningar og fyrri umræðu í sveitarstjórn.
Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi KPMG gerði grein fyrir helstu stærðum.
Afgreiðslu vísað til síðari umræðu sem verður 10. júlí 2009, kl. 09:00. 33
2. **Ársreikningur 2008 fyrir samstarfsverkefna Ásahrepps og Rangárþings ytra, Laugalandi.**
Ársreikningar sveitarfélagsins 2008 lagðir fram til kynningar og fyrri umræðu í sveitarstjórn.
Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi KPMG gerði grein fyrir helstu stærðum.
Afgreiðslu vísað til síðari umræðu sem verður 10. júlí 2009, kl. 09:00. 50
3. **Skil á ársreikningum.**
Til kynningar.
4. **Sumarorlof hreppsnefndar og umboð hreppsráðs til fullnaðarafgreiðslu mála.**
Lagt er til að hreppsnefnd geri hlé á reglulegum fundarhöldum á tímabilinu 11. Júlí til og með 02. September 2009. Jafnframt er lagt til að hreppsráð verði veitt umboð til að fullnaðarafgreiðslu mála á meðan hreppsnefnd er í fundarhléi frá 11. Júlí til 02. September 2009.
Samþykkt samhljóða.
5. **Fundargerðir til staðfestingar og kynningar.**
 - 5.1. Hreppsráð, 40. fundur, 18. júní 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt með 5 atkvæðum, 2 sitja hjá (MÝS), (SD).
 - 5.2. Byggingar- og skipulagsembætti Rangárþings bs, aðalfundur 25. júní 2009.
Til kynningar.
 - 5.3. Félagshjónusta Rangárvalla og V.- Skaftafellssýslu bs., 31. fundur 8. júní 2009.,
Til kynningar.
 - 5.4. Félagshjónusta Rangárvalla og V.- Skaftafellssýslu bs., 32. fundur 19. júní 2009.,
Til kynningar.
 - 5.5. Félagshjónusta Rangárvalla og V.- Skaftafellssýslu bs., Aðalfundur 19. júní 2009., ásamt ársreikningi.
Til kynningar.
 - 5.6. Vinnuhópur um samfellu í skóla- og íþróttamálum, 18. júní 2009.
Til kynningar.
 - 5.7. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 119. fundur 2. júní 2009.
Til kynningar.
 - 5.8. SASS, 424. fundur stjórnar SASS. 12. júní 2009.
Til kynningar.
 - 5.9. Sorpstöð Suðurlands bs. 174. fundur 25. júní 2009.
Til kynningar.
 - 5.10. Suðurlandsvegur 1-3 ehf. hönnunarfundur 23. júní 2009.
Til kynningar.
 - 5.11. Suðurlandsvegur 1-3, 19. stjórnarfundur 24. júní 2009.
Til kynningar.
 - 5.12. Suðurlandsvegur 1-3, 1. verkfundur 26. júní 2009.
Til kynningar.
 - 5.13. Vinnumarkaðsráð Suðurlands, 12. fundur. 11. júní 2009.
Til kynningar.
 - 5.14. Byggingarnefnd Rangárþings bs. 25. fundur 1. júlí 2009.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er lúta að sveitarfélaginu.
Samþykkt samhljóða. BT BT



5.15. Skipulagsnefndar Rangárþings bs. 20. fundur 2. júlí 2009.

Hvað mál 101-2009 á dagskrá Unnið er að deiliskipulagi fyrir bæði svæðin. Sveitarstjóra er falið að kynna þá möguleika fyrir umsækjenda.

Hvað varðar mál 102-2009. Afgreiðslu frestað og sveitarstjóra falið að afla frekari gagna.

Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er lúta að sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða.

6. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi.

6.1. Borg, landskipti.

Afgreiðslu frestað þar sem ekki liggur fyrir samþykki aðliggjandi jarðar um staðfest landamörk.

Samþykkt samhljóða.

7. Umsókn um skólavist.

Samþykkt er að greiða viðmiðunarkostnað vegna skólagöngu VJG kt. 130301-3630 í Kópavogsskóla..

Samþykkt samhljóða.

8. Fjármögnun ársins 2008 og 2009.

Til kynningar.

9. Ábendingar frá handverkshópnum Skessur og smælki.

Sveitarstjórn þakkar bréfriturum framkomnar ábendingar um fegrun sveitarfélagsins og er erindinu vísað til umhverfisnefndar.

Samþykkt samhljóða.

10. Skýrsla nefndar um grundvöll framhaldsskóla í Rangárþingi.

Sveitarstjóra er falið að koma á fundi með ráðherra og fulltrúum aðildarsveitarfélaganna vegna skýrslunnar.

Samþykkt samhljóða.

11. Tillaga að lagningu hitaveitulagnar.

Sveitarstjórn felst á framlagða tillögu um lagningu hitaveitulagnar yfir þjóðveg 1. við Hellu, jafnframt er fallið frá tillögu um sama mál sem fram kom á fundi Hreppsráðs, þann 18. júní s.l. Sveitarstjórn fagnar framkominni hugmynd Vegagerðarinnar um þéttbýlishlið austan við Hellu.

Samþykkt samhljóða.

12. Samkomulag um rekstur upplýsingarmiðstöðvar á Hellu sumarið 2009.

Til kynningar.

13. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Til kynningar.

14. Endurgreiðsla byggingarleyfisgjalds.

Til kynningar.

15. Deiliskipulag í Landmannalaugum.

Til kynningar.

16. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki.

16.1. Activity, efnisöflun.

Til kynningar.

16.2. Kyn og völd á Norðurlöndum. Ráðstefna í Reykjavík. 18-19 nóvember 2009.

Til kynningar.

16.3. Umsókn um framlag til reiðvegagerðar í Rangárþingi ytra.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt samhljóða.

17. Annað efni til kynningar:

17.1. Háskólafélag Suðurlands ehf. Ársreikningur.

17.2. Fasteignamat 2010.

17.3. Gjaldskrá heimaþjónustu, erindi frá hreppsnefnd Ásahrepps.

17.4. Stöðuleikasáttmáli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50

Sigurbjörg
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Margrét Þyr Sigurðardóttir
Sigrún Dáttur
Ginnur

Hreppsnefnd

Ólafur
Ólafur

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

45. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, föstudaginn 10. júlí 2009, kl. 9:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjöla Guðnadóttir, Ólafur Elvar Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

1. Ársreikningar sveitarfélagsins og samstarfsverkefna á Laugalandi, 2008, síðari umræða:

Tillaga um að staðfesta ársreikninga sveitarfélagsins og samstarfsverkefna á Laugalandi. Samþykkt með fjórum atkvæðum. Þrír sitja hjá (ÓEJ, GP, MÝS). Ársreikningarnir áritaðir af sveitarstjórn.

Bókun B-lista:

Vegna efnahagsástandsins í þjóðfélaginu og í ljósi niðurstöðu ársreikninga sveitarfélagsins, þá viljum við undirrituð hvetja stjórnendur sveitarfélagsins til þess að fara með gát í fjárskuldbindingum og draga úr öllum nýframkvæmdum á vegum sveitarfélagsins. Við fulltrúar erum tilbúin að leggja okkar lóð á vogarskálarnar og veita aðstoð í málum er varða íbúa sveitarfélagsins og sem er þeim til heilla.
Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Ólafur E. Júlíusson.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra, Þorgils Torfa Jónssyni og Ólafi E. Júlíussyni, í samráði við forstöðumenn deilda sveitarfélagsins, að vinna áfram að því að leita leiða til hagræðingar í rekstri sveitarfélagsins og stofnana þess og leggja tillögur þar að lútandi fyrir hreppsnefnd. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að og skila til sveitarstjórnar 6 mánaða uppgjöri 2009 eins fljótt og auðið er.

Samþykkt samhljóða.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:

2.1. Borg, landskipti.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að skipt verði úr landi Borgar, lnr. 165363, nýrri lóð lnr. 218544 (5000 fm.). Afgreiðsla var frestað á 44. fundi hreppsnefndar. Undirskriftir eigenda aðliggjandi lands liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.40

*Þorgils Torfi Jónsson
Ingvar Pétur Guðbjörnsson
Sigurbjartur Pálsson
Helga Fjöla Guðnadóttir
Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir
Ólafur Elvar Júlíusson
Guðfinna Þorvaldsdóttir*

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

46. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 2. september 2009, kl. 13:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Sigfús Davíðsson og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri og Indriði Indriðason sem ritaði fundargerð. Forföll boðaði Ólafur Elvar Júlíusson.

Við bætast liðir nr. 2.22., 2.23., 14, 15 og 16. Samþykkt samhljóða.

1. Kaupás hf., vegna samnings um lágvörverslun á Hellu.

Undir þessum lið komu á fundinn Eysteinn Helgason, framkvæmdarstjóri Kaupáss, og Gísli Jón Magnússon, fjármálastjóri Norvíkur hf. Farið var yfir aðkomu Kaupáss að verslun í sveitarfélaginu og stefnt að opnun Krónuverslunar í samræmi við gildandi samning aðila. Jafnframt mun sveitarstjórn vinna náið með fulltrúum Kaupáss að framgangi mála.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

- 2.1. Hreppsráð, 41. fundur, 23. júlí 2009.
Til kynningar.
- 2.2. Hreppsráð, 42. fundur, 13. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 2.3. Hreppsráð, 43. fundur, 13. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 2.4. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 21. fundur, 12. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 2.5. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 37. fundur, 26. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 2.6. Samgöngunefnd, 10 fundur, 23. mars 2009.
Til kynningar.
- 2.7. Samgöngunefnd 11. fundur, 24. ágúst 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 2.8. Samgöngunefnd 12. fundur, 31. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 2.9. Íþróttá- og æskulýðsnefnd, 28. fundur, 19. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 2.10. Tónlistarskóli Rangæinga, 121. fundur, 24. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 2.11. Suðurlandsvegur 1-3, útboð 2, kynningarfundur 18. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 2.12. Suðurlandsvegur 1-3 ehf. 1. áfangi, 7. verkfundur, 14. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 2.13. Suðurlandsvegur 1-3 ehf. 1. áfangi, 8. verkfundur, 28. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 2.14. SASS, 425. fundur, 14. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 2.15. Sorpstöð Suðurlands, 174. fundur, 25. júní 2009.
Til kynningar.
- 2.16. Sorpstöð Suðurlands, 175. fundur, 24. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 2.17. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 120. fundur, 20. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 2.18. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., 111. fundur, 2. september 2009.
Til kynningar.
- 2.19. Fjallskilanefnd Rangárvallaafreittar, fundur, 2. september 2009.
Til kynningar.

- 2.20. Fjallskilanevnd Holtamannafréttar, fundur. 2. september 2009.
Tillaga um að staðfesta fundargerðina.
Samþykkt með 6 atkvæðum. Einn situr hjá (IPG).
- 2.21. Samráðshópur um samstarf í Rangárvalla-, V.Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjum, fundur 27. ágúst 2009.
Sveitarstjórn Rangárþings ytra fagnar þeim vilja sem sveitarstjórnir á svæðinu sýna til aukinnar samvinnu í kjölfar tilkomu Landeyjahafnar. Fyrir liggur að mikil sóknarfæri koma til með að skapast til aukinnar samvinnu, íbúum áhrifasvæðis hafnarinnar til hagsbóta. Sveitarstjórn Rangárþings ytra mun leita allra leiða til að nýta þau sóknarfæri og samþykkir að Þorgils Torfi Jónsson oddviti verði fulltrúi Rangárþings ytra í stýrihópi um aukið samstarf sveitarfélaganna.
Samþykkt samhljóða.
- 2.22. Byggingarnefnd, 27. fundur, 2. september 2009.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra.
Samþykkt með sex atkvæðum, einn sat hjá (GP).
- 2.23. Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, fundur 2. september 2009.
Til kynningar.
- 3. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:**
- 3.1. Kvíarholt land 3, stofnun lögbýlis.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis; Kvíarholt, land 3, en bendir á að Örnefnanefnd þarf að staðfesta heiti lögbýla.
Samþykkt samhljóða.
- 3.2. Stóri Klofi, landskiki, stofnun lögbýlis.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis á landskika nr. 21739, í landi Stóra Klofa, en bendir á að Örnefnanefnd þarf að staðfesta heiti lögbýla.
Samþykkt samhljóða.
- 3.3. Brekka – Skinnur, lóðamörk.
Lögð fram drög að lóðamörkum milli Brekku og Skinna. Lóðamörkin eru gerð eftir gögnum og heimildum fyrri eigenda jarðanna. Sveitarstjórn staðfestir framlögð lóðamörk fyrir sitt leyti.
Sveitarstjóra falið að afla staðfestingar landeigenda í Brekku.
Samþykkt samhljóða.
- 4. Umsóknir um skólavist og tengd erindi:**
- 4.1. Trúnaðarmál.
- 5. Skipulagsmál og tengd erindi:**
- 5.1. Álftavatn, umsögn Umhverfisstofnunar.
Til kynningar.
- 5.2. Jarlstaðir, vegalagning.
Afgreiðslu frestað og sveitarstjóra falið að afla frekari gagna.
Samþykkt samhljóða.
- 6. Lýsing hf., framlenging rekstrarleigusamnings.**
Afgreiðslu frestað og sveitarstjóra falið að afla frekari gagna.
Samþykkt samhljóða.
- 7. Gröf, ríkisjörð, afturköllun söluferlis.**
Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að ráðuneytið skuli falla frá undirbúningi sölu á ríkisjörðinni Gröf. Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með forsvarsmönnum landbúnaðarráðuneytisins varðandi málið.
Samþykkt samhljóða.
- 8. Foss, Hungurfit og Krókur.**
Sveitarstjóra falið að auglýsa til sölu eða leigu, ofangreinar fasteignir sveitarfélagsins. Afgreiðslu tengdra erinda frestað.
Samþykkt samhljóða.
- 9. Íslenska Fjallarallið 2009.**
Sveitarstjórn fellst á umrædda aksturskeppni, enda liggur fyrir samþykki Ásahrepps og jákvæð umsögn samgöngunefndar.
Samþykkt samhljóða.
- 10. Jarðfræðigarður, Geopark.**
Sveitarstjóra falið að óska eftir viðræðum við forsvarsmenn verkefnisins um hugsanlega aðkomu að verkefni.
Samþykkt samhljóða.
- 11. Handverkshúsið Hekla.**
Erindi um framlengingu samnings um rekstur upplýsingamiðstöðvar er hafnað með vísan í niðurstöðu fundar með ferðapjónustuaðilum 28. maí sl., þar sem samþykkt var að endurskoða aðkomu

sveitarfélagsins að markaðs- og kynningarmálum ferðaþjónustunnar. Sveitarstjóra falið að koma á fundi við ferðaþjónustuaðila vegna þeirra mála.

Samþykkt samhljóða.

12. Afmörkun skólalóðar Grunnskólans á Hellu.

Til kynningar.

13. Barnaverndarúrræði, vegna samnings við Barnaverndarstofu.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra átelur þau vinnubrögð sem sveitarfélagið Árborg hefur viðhaft varðandi framhald samstarfsverkefnis sunnlenskra sveitarfélaga við Barnaverndarstofu. Góð reynsla hefur verið af verkefninu og því samstarfi sem verið hefur í tengslum við það. Sveitarstjóra falið að upplýsa bæjarstjórn Árborgar um afgreiðslu sveitarstjórnar Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða.

14. Álagningaskrá.

Lögð fram álagningaskrá Rangárþings ytra, sbr. 8. lið 42. fundar hreppsráðs.

Til kynningar.

15. Staðgreiðsluáætlun.

Lagt fram yfirlit yfir staðgreiðslu til sveitarfélagsins.

Til kynningar.

16. Töðugjöld, ábendingar og tillögur.

Sveitarstjórn fellst á að taka ábendingarnar til skoðunar og fagnar áhuga íbúa á árlegum töðugjöldum. Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara.

Samþykkt samhljóða.

17. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

F.1. Kvinnakórinn Ljósbrá, styrkumsókn.

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk á móti húsaleigu Laugalandi, þann hlut er varðar Rangárþing ytra.

Samþykkt samhljóða.

F.2. Framtíð íslensks landbúnaðar og byggðar, málþing.

Til kynningar.

18. Annað efni til kynningar:

F.3. Menntamálaráðuneytið, viðbragðsáætlun vegna svínainflúensu.

F.4. Heilsuvernd, árleg inflúensubólusetning.

F.5. Skaftárhreppur, gjaldskrá heimaþjónustu.

F.6. Þinglýst skjöl frá sýslumanni á Hvolsvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.35

Þorgerður Tólfjörð
Andrianna Þorvaldsson
Egk. Ólafur
Margrét Þyr Siguverðsd.
Ólafur
Þorgerður Tólfjörð
Sigrún Þorvaldsson
Þorgerður Tólfjörð

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

47. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Helli, fimmtudaginn 8. október 2009, kl. 13:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjöla Guðnadóttir, Ólafur Elvar Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri og Indriði Indriðason sem ritaði fundargerð.

Við bætast liðir nr. 1.21., 2.1., 2.2. og 4.4. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 44. fundur, 17. september 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 22. fundur, 16. september 2009.
Til kynningar.
- 1.3. Íþróttá- og æskulýðsnefnd, 29. fundur, 30. september 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.4. Ferð um Landmannaafrétt, minnisblað, 16. september 2009.
Til kynningar.
- 1.5. Endurskoðun aðalskipulags, 12. fundur, 29. september 2009.
Til kynningar.
- 1.6. Suðurlandsvegur 1-3 ehf. 1. áfangi, 10. verkfundur, 21. september 2009.
Til kynningar.
- 1.7. Suðurlandsvegur 1-3 ehf. 1. áfangi, 11. verkfundur, 28. september 2009.
Til kynningar.
- 1.8. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 287. fundur, 22. september 2009.
Til kynningar.
- 1.9. Skólanefnd Fjölbautarskóla Suðurlands, 147. fundur, 27. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 1.10. Skólaskrifstofa Suðurlands, 116. fundur, 25. september 2009.
Til kynningar.
- 1.11. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 121. fundur, 24. september 2009.
Til kynningar.
- 1.12. Sorpstöð Suðurlands, 177. fundur, 25. september 2009.
Til kynningar.
- 1.13. Samráðsfundur sorpsamlaga á suðvesturlandi, 21. september 2009.
Til kynningar.
- 1.14. Samband íslenskra sveitarfélaga, 767. fundur, 24. september 2009.
Til kynningar.
- 1.15. Áhugahópur um Töðugjöld á Helli, fundur 29. september 2009.
Til kynningar.
- 1.16. Fundur með félagi eldri borgara í Rangárvallasýslu, 30. september 2009.
Til kynningar.
- 1.17. Þjórársveitir, fundur, 29. september 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.18. Samgöngunefnd, 12. fundur, 31. ágúst 2009.
Til kynningar.
- 1.19. Fjallskilanefnd Landmannaafreftar, fundur 6. september 2009.
Til kynningar.
- 1.20. Fjallskilanefnd Landmannaafreftar, fundur 14. september 2009.
Til kynningar.
- 1.21. Byggingarnefnd Rangárþings bs., 28. fundur 7. október 2009.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra.
Samþykkt samhljóða.

G. Annað efni til kynningar:

- G.1. Jöfnunarsjóður, framlög vegna lækkaðra fasteignaskattstekna.
- G.2. Launanefnd sveitarfélaga, samkomulag um laun stjórnenda í samreknum skólum.
- G.3. Háskólafélag Suðurlands, ályktun um Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði.
- G.4. Greinargerð til Evrópska þróunarbankans.
- G.5. Höfn hf., umboð vegna aðalfundar.
- G.6. Gönguleiða og útivistarkort fyrir Holtamannaafreitt, erindi til Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.
- G.7. Velferðarvaktin, vegna hádegisverðar í skólum landsins.
- G.8. Samstarf sveitarfélaga austan Þjórsár, afgreiðsla Vestmannaeyjabæjar og Mýrdalshrepps.
- G.9. Þinglýst skjöl frá sýslumanni á Hvolsvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.45

Þorgerður Tórný Jónsdóttir
Stjóri
Þorgerður T. Arnþórsdóttir
Stjóri
Margrjet Jón Sguvassd.
Sigrún Björk Blom
Stjóri
[Signature]
[Signature]

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:

- 2.1. Minni Vellir, landskipti.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að 9,93 ha. lóð með landnr. 218736 verði skipt úr jörðinni Minni Vellir lnr. 164995.
Samþykkt samhljóða.
- 2.2. Árbakki, landskipti.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að 24,36 ha. lóð með landnr. 218833 verði skipt úr jörðinni Árbakki lnr. 164961 og að lögbýlisréttur fylgi hinni nýju landspildu (lnr. 218833).
Samþykkt samhljóða.

3. Umsóknir um skólavist og tengd erindi:

- 3.1. Hvolskóli, tvær umsóknir.
Sótt er um greiðslu fyrir skólavist AÁ, kt: 110896-xxxx og DÁ, kt: 120699-xxxx í Hvolskóla skólaárið 2009-2010. Fallist er á greiðslu í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Samþykkt samhljóða.
- 3.2. Tónsmiðja Suðurlands.
Sótt er um greiðslu fyrir skólagjalda fyrir JJH vegna tónlistarnáms við Tónsmiðju Suðurlands ehf. á haustönn 2009. Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um hvort umsóknin uppfylli viðmið sveitarfélagsins varðandi kostnaðarþáttöku.
Samþykkt samhljóða.

4. Skipulagsmál og tengd erindi:

- 4.1. Hagi, skipulagsmál.
Sveitarstjóra falið að kalla eftir frekari gögnum. Afgreiðslu frestað.
Samþykkt samhljóða.
- 4.2. Merkiðvoll, Skipulagsstofnun.
Til kynningar.
- 4.3. Jarlsstaðir, Fornleifavernd ríkisins.
Til kynningar.
- 4.4. Jarlsstaðir, vegalagning.
Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindi um veglagningu á tilgreindu vegstæði. Fyrir liggja samþykki allra hlutaðeigandi landeigenda fyrir veglagningunni. Erindinu vísað til skipulagsnefndar.
Samþykkt samhljóða.

5. Úttekt á rekstri fræðslustofnana í Rangárþingi ytra, RHA.

Lögð fram drög að úttekt á rekstri fræðslustofnana í Rangárþingi ytra, frá Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri. Stefnt er að framlagningu lokaútgáfu úttektarinnar á næsta fundi hreppsnefndar.

*Fulltrúar B- lista leggja fram eftirfarandi tillögu:
Við leggjum til að fyrirbyggjandi drög vegna úttektar á fræðslustofnunum í Rangárþingi ytra verði vísað til fræðslunefndar til skoðunar þar sem nefndarinnar er getið í heimildarskrá.
Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Ólafur Júlíusson*

Tillagan er feld með fjórum atkvæðum gegn þremur atkvæðum B- lista.

*Bökun fulltrúa D-lista vegna bókunar fulltrúa B-lista við 5. lið á 47. fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra fimmtudaginn 8. október 2009.
Þau drög að skýrslu um rekstur fræðslustofnana í Rangárþingi ytra sem liggja fyrir fundinum eru enn á forræði þeirra aðila sem standa að skýrslunni hjá Háskólanum á Akureyri. Skýrslan er enn í vinnslu og er enn á yfirlestrastigi hvað varðar tölulega liði og aðrar staðreyndir um núverandi fyrirkomulagi skólamála í sveitarfélaginu. Niðurstöður í drögum og þeir kaftar þar sem fjallað er um vinnu skýrsluhöfunda sl. sumar eru alfarið á forræði skýrsluhöfunda. Þegar endanleg skýrsla liggur fyrir verður hún lögð fram í sveitarstjórn, fræðslunefnd og kynnt stjórnendum og starfsfólki skólustofnana. Einnig verður skýrslan gerð aðgengileg öllum öðrum íbúum sveitarfélagsins.*

Fulltrúar D-lista leggja mikla áherslu á að skýrslan verði á faglega ábyrgð skýrsluhöfunda og að hún verði ekki efnislega ritskoðuð af kjörnum fulltrúum Rangárþings ytra. Óeðlilegt er að sveitarstjórn meti hverjir af þeim fjölda fólks sem getið er í heimildaskrá fái að lesa yfir drög að skýrslunni áður en hún er gefin út. Slíkt verður eðlilega gert þegar skýrslan er fullbúin. Tillögu B-lista er því hafnað.

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir.

6. **Foss, Hungurfit og Krókur.**
Lögð fram tilboð í íbúðarhúsið Fossi og fjallaskálana að Hungurfitjum og Króki. Sveitarstjóra falið að ræða við tilboðsgjafana Lúðvík Bergmann annars vegar um Foss og Hungurfit og Grettir Rúnarsson og Inga Ingvarsson um Krók hins vegar, auk þess að kalla eftir umsögn fjallskilanefndar Rangárvallaafrettar. Samþykkt samhljóða.
7. **Lóðamörk Heiðvangi.**
Lögð fram erindi frá eiganda Heiðvangs 4. Sveitarstjórn áréttar að með afgreiðslu hennar á fundi hreppsnefndar þann 5. maí 2009 var verið að staðfesta að grenndarkynna ætti þá framlögðu tillögu um lóðamörk hlutaðeigandi íbúum við Heiðvang. Ekki var ætlunin að staðfesta lóðamörkin sjálf. Sveitarstjórn harmar þau óþægindi sem orðalag bókuar í fundargerð kann að hafa valdið. Höfnun á umræddri tillögu um lóðamörk við Heiðvang er vísað til byggingar- og skipulagsfulltrúa. Sveitarstjóra er falið að leiða málið til lykta. Samþykkt samhljóða.
8. **Afmörkun bílastæða við íþróttahúsið í Þykkvabæ, Framfarafélag Þykkvabæjar.**
Sveitarstjórn fellst ekki á erindi um endurskoðun á skipulagi lóðarinnar. Aðeins er um lokafrágang að ræða á framkvæmdum við bílastæðið og því takamarkað svigrúm til að breytinga. Samþykkt samhljóða.
9. **Brunavarnir, Brunamálastofnun.**
Lagt fram erindi Brunamálastofnunar varðandi tafir á skilum á brunavarnaráætlun sveitarfélagsins. Erindinu vísað til sveitarstjóra og stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. til frekari afgreiðslu. Sveitarstjórn áréttar vilja sinn til að vel sé að brunavörnum staðið í sveitarfélaginu. Samþykkt samhljóða.
10. **Þjónustumiðstöð, bílamál.**
Lagt fram erindi varðandi bílakaup fyrir þjónustumiðstöð. Samþykkt að ganga að fyrirliggjandi tilboði. Kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar. Samþykkt samhljóða.
11. **Átaksverkefni um nýtingu sunnlenskrar orku, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands.**
Tekið er jákvætt í erindið, sveitarstjóra falið að kynna sjónarmið sveitarfélagsins um kostnaðarskiptingu og rekstur verkefnisins. Samþykkt samhljóða.
12. **Barnaverndarúrræði, bókun bæjarráðs Árborgar.**
Til kynningar.
13. **Fjarskiptamastur í landi Gunnarsholts, yfirlýsing.**
Lögð fram drög að yfirlýsingu vegna fjarskiptamasturs í landi Gunnarsholts. Sveitarstjóra falið að undirrita yfirlýsinguna og kynna hlutaðeigandi. Samþykkt samhljóða.
14. **Húsaleigubætur 2010.**
Sveitarstjórn samþykkir að greiðsla húsaleigubóta fyrir fjárhagsárið 2010 verði með sama hætti og áður. Ekki verða greiddar sérstakar húsaleigubætur hjá sveitarfélaginu. Samþykkt samhljóða.
15. **Staðgreiðsluáætlun.**
Lagt fram yfirlit yfir staðgreiðslu til sveitarfélagsins fyrstu átta mánuði ársins. Til kynningar.
- F. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**
- F.1. **Karлакór Rangæinga, styrkumsókn.**
Sveitarstjórn fellst á erindið fyrir sitt leyti. Bent er á að leita þarf samþykkis Ásahrepps. Samþykkt samhljóða.
- F.2. **Landssamband slökkvilið- og sjúkraflutningamanna, styrkumsókn.**
Sveitarstjórn fellst á að greiða styrk sem nemur kostnaði við fræðsluefni í skólum sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.
- F.3. **Ársfundur Umhverfisstofnunar og umhverfisnefnda sveitarfélaga.**
Til kynningar.
- F.4. **Umhverfisþing, umhverfisráðuneytisins.**
Til kynningar.
- F.5. **Skólalþing, menntamálaráðuneytisins.**
Til kynningar.
- F.6. **UMFÍ, ungmenna- og tólmstundabúðirnar að Laugum.**
Til kynningar.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

48. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 5. nóvember 2009, kl. 13:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir, Ólafur Elvar Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri og Indriði Indriðason sem ritaði fundargerð.

Tillaga um að bæta við liðum nr. 10 og 11. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 45. fundur, 28. október 2009.
Hreppsnefnd áréttar að afgreiðsla í lið 2.1 í fundargerð hreppsráðs er einungis verið að veita umsögn í samræmi við 13.gr. laga nr. 81/2004. Engin afstaða er tekin til eignarhalds eða landamerkja.
Fundargerðin er staðfest
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Suðurlandsvegur 1-3, 15. verkfundur, 27. október 2009.
Til kynningar.
- 1.3. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. 112. fundur, 26. október 2009.
Til kynningar.
- 1.4. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 23. fundur, 21. október 2009.,
Til kynningar.
- 1.5. Héraðsnefnd Rangæinga, 10. fundur, 19. október 2009.
Til kynningar.
- 1.6. Héraðsnefnd Rangæinga og héraðsnefnd V.Skaftafellssýslu, sameiginlegur fundur, 19. október 2009.
Til kynningar.
- 1.7. Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðar, fundur, 14. október 2009.
Til kynningar.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:

- 2.1. Vegna landskipta, Halaeyrar, Fiskivatnseyrar; athugasemdir.
Lögð eru fram gögn og athugasemdir til kynningar. Sveitarstjóra falið að kynna hlutaðeigandi umræddar athugasemdir. Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu til framlagðra gagna og vísar í afgreiðslu í lið 1.1. hér að ofan.
Samþykkt samhljóða.

3. Skipulagsmál og tengd erindi:

- 3.1. Vegna erindis um vegalagningu í landi Jarlstaða.
Sveitarstjóra falið að kynna hlutaðeigandi aðilum framlögð gögn er varða eignarhald á Tjörvastöðum.
Samþykkt samhljóða.
- 3.2. Vegna erindis um breytinga á frístundalóð í íbúðarlóð í landi Haga.
Erindinu vísað til skipulagsnefndar.
Samþykkt samhljóða.
- 3.3. Mannvirkjagerð á hálendi Rangárþings ytra, Samvinnunefnd um miðhálendi Íslands.
Til kynningar.

4. Árshlutareikningur, 6 mánaða uppgjör.

Lagður fram árshlutareikningur sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að vinna að endurskoðun fjárhagsáætlunar í samráði við oddviti D-lista og oddvita B-lista. Jafnframt að hefja undirbúning að vinnu við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2010.
Samþykkt samhljóða.

5. Álagning opinberra gjalda, lögaðilar.

Lögð fram til kynningar álagningarskrá lögaðila vegna opinberra gjalda.
Til kynningar.

6. Framhaldsskólakennsla í Rangárvallasýslu.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra fagnar framlögðu erindi frá Fjölbrautarskóla Suðurlands og ályktun ársþings SASS. Samþykkt er að fela oddvita D lista og oddvita B lista ásamt formanni fræðslunefndar að gera úttekt á mögulegu húsnæði undir starfssemi framhaldsskóladeildar á Hellu, í samráði við

sveitarstjóra nágrannasveitarfélaganna. Sveitarstjóra falið að undirbúa fund með menntamálaráðherra til að kynna niðurstöður úttektarinnar

Samþykkt samhljóða.

7. Sorphirðumál, samkomulag Sorpstöðvar Suðurlands bs. og Sorpu bs.

Lögð fram til kynningar bréf Lex lögmannsstofu vegna kæru Íslenska gámafélagsins varðandi samkomulag Sorpstöðvar Suðurlands bs. og Sorpu, vegna urðunar sorps. Í bréfinu er þess krafist að sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi komi því til leiðar að fallið verði frá samkomulaginu.

Til kynningar.

8. Markaðsstofa Suðurlands.

Sveitarstjóra falið að kanna sjónarmið sveitarfélaga á Suðurlandi til erindisins. Afgreiðslu frestað.

Samþykkt samhljóða.

9. Regluvarsla varðandi skráð skuldabréf.

Samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglum FME um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja nr. 987/2006, ber sveitarfélaginu að ráða regluvörð, enda er sveitarfélagið með skráð skuldabréf á verðbréfamarkaði. Hreppsnefnd samþykkir að gera samning við KPMG hf. um að annast regluvörslu fyrir sveitarfélagið að því er varðar skráð skuldabréf. Sveitarstjóra er falið að undirrita samning við KPMG í samræmi við framlögð gögn á fundinum.

Samþykkt með þremur atkvæðum, tveir eru á móti (ÓEJ)(IPG) og tveir sitja hjá (HFG)(GP).

10. Sóknaráætlun 20/20.

Lögð fram kynningargögn varðandi Sóknaráætlun fyrir Ísland 20/20. Hreppsnefnd Rangárbings ytra gerir alvarlegar athugasemdir við störf nefndarinnar og það samráðsleysi hennar sem hefur verið við sveitarfélög á Suðurlandi og stofnanir þeirra við undirbúning að gerð Sóknaráætlunar Ísland 20/20 og þá sérstaklega svæðaskiptingu landsins sem kynnt er í áætluninni. Sveitarstjóra er falið að koma athugasemdum hreppsnefndar til nefndarinnar, viðkomandi ráðuneyta, Bygðastofnunar, SASS, APS og sveitarfélaga á Suðurlandi.

Samþykkt samhljóða.

11. Kaupás, vegna tengibyggingar.

Til kynningar.

F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

F.1. Samtök um kvennaathvarf, styrkumsókn.

Erindinu hafnað.

Samþykkt samhljóða.

F.2. Bygðasafnið í Skógum, afmælistálfing.

Til kynningar.

F.3. Umhverfisstofnun og náttúruverndarnefnd sveitarfélaga, ársfundur.

Til kynningar.

F.4. Málþing um sjálfbæra þróun.

Til kynningar.

F.5. Á rúntinum, kynningarferð.

Til kynningar.

G. Annað efni til kynningar:

G.1. Jöfnunarsjóður, áætluð tekjujöfnunarframlög 2009.

G.2. Samband íslenskra sveitarfélaga, vegna stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar, sambandsins, SA og launþegasamtaka.

G.3. Rannsóknir og greining, Ungt fólk 2009.

G.4. Ásahreppur, vegna erindis Kennarafélags Suðurlands.

G.5. Ásahreppur, vegna Brunavarna Rangárvallasýslu.

G.6. Kennarasamband Íslands og Samband ísl. sveitarfélaga, um hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna í skólalastarfi

G.7. SASS, bréf til menntamálaráðherra.

G.9. Þinglýst skjöl frá sýslumanni á Hvolsvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.15

Þengill Toft-Jónsson
Sigurður Þorsteinsson
Hilbert Jónsson
Margrét Jón Sigurðsdóttir
Andrius Jónsson

[Handwritten signature]

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

49. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Helli,
mánudaginn 16. nóvember 2009, kl. 16:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ólafur Elvar Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Sigfús Davíðsson. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Forföll boðaði Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir.

Starfsmenn Landmótunar ehf., Gísli Gíslason og Ásgeir Jónsson, mættu á fundinn og kynntu vinnu stýrihóps um endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins.

1. Skipulagsmál og tengd erindi:

1.1. Endurskoðun aðalskipulags.

Landmótun fór yfir drög að endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins. Samþykkt að kynna drögin á íbúafundi sem halda á 23. nóvember 2009. Fundurinn verður auglýstur í Búkollu, Morgunblaðinu og með dreifibréfi til íbúa.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.15

Þorgils Torfi Jónsson
Helga Fjóla Guðnadóttir
Sigurbjartur Pálsson
Ingvar Pétur Guðbjörnsson
Gísli Gíslason
Ásgeir Jónsson
Örn Þórðarson
Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

LEIÐGEIÐ
NÓP

50. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Helli, mánudaginn 30. nóvember 2009, kl. 16:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Þórhallur Svavarsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Sigfús Davíðsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri og Indriði Indriðason sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Ólafur E. Júlíusson.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 46. fundur, 19. nóvember 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Skipulagsnefnd, 22. fundur, 11. nóvember 2009.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er snúa að Rangárþing ytra.
Samþykkt samhljóða.
- 1.3. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 39. fundur, 28. október 2009.
Til kynningar.
- 1.4. Samgöngunefnd, 13. fundur, 6. október 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.5. Samráðsfundur með Vegagerðinni, 10. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.6. Samráðsnefnd um Holtamannaafrétt, fundur, 25. nóvember 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða
- 1.7. Bókasafnsnefnd Laugalandi, fundur 13. október 2009.
Til kynningar.
- 1.8. Suðurlandsvegur 1-3, 17. verkfundur, 10. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.9. Suðurlandsvegur 1-3, 18. verkfundur, 17. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.10. Suðurlandsvegur 1-3, 19. verkfundur, 24. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.11. Fjallskiladeild Landmannaafreittar, fundur 17. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.12. Þjórársveitir, fundur 19. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.13. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur, 14. fundur, 8. apríl 2009.
Til kynningar.
- 1.14. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur, 15. fundur, 20. nóvember 2009, ásamt ársreikningi 2008.
Til kynningar.
- 1.15. Samráðsfundur sorpsamlaga á suðvesturlandi, fundur 23. nóvember 2009.
Til kynningar.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:

- 2.1. Svínhagi, landskipti.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við að skipt verði úr jörðinni Svínhaga lnr. 164560, þrem spildum merktum Svínhagi L-6 lnr. 218970 (10,5 ha.), Svínhagi L-7 lnr. 218971 (14,0 ha.) og Svínhagi L-8 lnr. 218972 (28,5 ha.). Engin afstaða er tekin til eignarhalds eða landamerkja.
Samþykkt samhljóða.
- 2.2. Þjóðólfshagi 1, landskipti.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við að skipt verði úr jörðinni Þjóðólfshaga lnr. 165164, spildu með landnúmeri 218975 (18.138 fm.) Lögbýlisréttur fylgir áfram lnr. 165164. Engin afstaða er tekin til eignarhalds eða landamerkja
Samþykkt samhljóða.

þj.
4p

3. Skipulagsmál og tengd erindi:

- 3.1. Vegna erindis um vegalagningu í landi Jarlstaða.
Sveitarstjóra falið að kynna hlutaðeigandi aðilum framlögð gögn er varða eignarhald á Tjörvastöðum.
Samþykkt samhljóða.

4. Álagningarprósentsur, afslættir og gjaldskrár 2010.

Lögð fram tillaga að útsvarsprósenta verði 13,28%. Tillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum. Þrjú sátu hjá (GÞ) (SD) (MÝS).

Lögð er fram tillaga samkvæmt framlögðu skjali sveitarstjóra um gjaldskrá.

2. *Fasteignaskattur;*
 - A 0,36% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.
 - B 1,32% af fasteignamati húsa og lóða.
 - C 1,32% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilh. lóðum, þó að undanskildum fasteignum í B flokki.
3. *Lóðarleiga; 0,85% af fasteignamati lóða í eigu sveitarfélagsins. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annað leiguhlutfall eða álagningu í krónuölu á hvern fermetra lóðar við sérstakar aðstæður.*
4. *Vatnsgjald; 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins eða í sameign þess og annarra sveitarfélaga sbr. ákv. 6. gr. laga nr. 32/2004.*
5. *Aukavatnsgjald hjá stórnotendum (s. s. sláturhúsum og kartöfluverksmiðjum) skal vera kr. 26,50 fyrir hvern notaðan rúmmetra af vatni sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005 m.v. byggingavísitölu í des. 2007; 377,7. Gjaldþagi er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar.*
6. *Tengigjöld í Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.*
7. *Holræsagjald á Hellu; 0,22% af fasteignamati húss og tilheyrandi lóðar.*
8. *Gjöld fyrir tæmingu roþróa eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá. Gjald dagar liða nr. 2, 3, 4, 7 og 8 eru 1./2., 1./3., 1./4., 1./5., 1./6., 1./7., 1./8. og 1./9. 2010. Þar sem fasteignagjöld verða samtals kr. 30.000 eða lægri skal þó aðeins vera einn gjaldþagi þ. 1. maí 2010. Eindagi er síðasti virki dagur í sama mánuði og gjaldþaga. Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum 75% og meira, sem búa í eigin íbúðarhúsnæði, skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði skv. reglum samþ. af sveitarstjórn.*
9. *Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld skv. sérstakri gjaldskrá.*
10. *Hundaleyfisgjald er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.*
11. *Byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu-, úttekta og mælingagjöld skipulags- og bygginganefndar og skipulags- og byggingafulltrúa leggjast á skv. sérstakri gjaldskrá. Gjald dagar eru dags. reikninga og eindagar 30 dögum síðar. Að öðru leyti gilda lög um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldskrár um viðkomandi tekjuliði. Samþykkt þessi um álagningarprósentsur, afslætti og gjaldskrár skal birt á hefðbundnum auglýsingastað ákvarðana sveitarstjórnar, þ.e. á töflu í afgreiðslu Rangárbings ytra.*

Ofangreindar tillögur eru með sama hætti og árið áður, en gjaldþögum fasteignagjalda er fjölgað úr sex í átta.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

5. Leikskólahúsnæði að Laugalandi.

Lögð fram bréf frá fjármálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, varðandi niðurrif fyrrverandi leikskólahúsnæðis að Laugalandi.

Til kynningar.

6. Náttúruverndaráætlun, þingsályktunartillaga.

Til kynningar.

7. Foss, Hungurfit og Krókur.

Til kynningar.

8. Tún vottunarstofa, sala á hlut þrotabús Baugs Group hf.

Sveitarstjórn hyggst ekki gera tilboð í umræddan hlut í félaginu.

Samþykkt samhljóða.

9. Stuðningur við mótahald Landsmóts hestamanna, 2012 og 2014 á Gaddstaðaflötum.

Til kynningar.

10. Skilmálabreyting lánasamnings með erlendu myntviðmiði.

Hreppsnefnd Rangárbings ytra samþykkir framlagðar breytingar á greiðsluskilmálum lánasamnings, frá Kaupþingi er varða lán númer 0308-35-6347.

Samþykkt samhljóða.

Handwritten signatures and initials in blue ink.

F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

F.1. Bændur græða landið, samstarfsverkefni.

Hreppsnefnd fellst á að greiða allt að kr. 130.000,- til verkefnisins.

Samþykkt samhljóða.

F.2. Hugmyndatorg Capacent.

Til kynningar.

F.3. Veidifélag Eystri Rangár, aðalfundur.

Samþykkt að fela Ingvari Pétri Guðbjörnssyni að fara með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundinum.

Samþykkt samhljóða.

G. Annað efni til kynningar:

G.1. Vatnajökulspjóðgarður, tillaga verkferli við mótun áætlna og stefnu

G.2. Viljayfirlýsing ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

G.3. Rafmagnsöryggi, lög og reglur.

G.4. SASS, málefni Landeyjahafnar.

G.9. Þinglýst skjöl frá sýslumanni á Hvolsvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.50

Þorgerður Þorsteinsdóttir
Ingvar P. Guðbjörnsson
Sigurbjörg Pál
Selga Fjölá Árnadóttir
Margrét Þorr Sigurgeirsdóttir
Andrúna Þorvaldsdóttir

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

10/11/09
Rob

50. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 5. nóvember 2009, kl. 13:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Þórhallur Svavarsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir, Sigfús Davíðsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri og Indriði Indriðason sem ritaði fundargerð. Forföll boðaði Ingvar Pétur Guðbjörnsson

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 46. fundur, 19. nóvember 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Skipulagsnefnd, 22. fundur, 11. nóvember 2009.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er snúa að Rangárþing ytra.
Samþykkt samhljóða.
- 1.3. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 39. fundur, 28. október 2009.
Til kynningar.
- 1.4. Samgöngunefnd, 13. fundur, 6. október 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.5. Samráðsfundur með Vegagerðinni, 10. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.6. Samráðsnefnd um Holtamannaafrétt, fundur, 25. nóvember 2009.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.7. Bókasafnsnefnd Laugalandi, fundur 13. október 2009.
Til kynningar.
- 1.8. Suðurlandsvegur 1-3, 17. verkfundur, 10. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.9. Suðurlandsvegur 1-3, 18. verkfundur, 17. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.10. Suðurlandsvegur 1-3, 19. verkfundur, 24. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.11. Fjallskiladeild Landmannaafreittar, fundur 17. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.12. Þjórarsveitir, fundur 19. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.13. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur, 14. fundur, 8. apríl 2009.
Til kynningar.
- 1.14. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur, 15. fundur, 20. nóvember 2009, ásamt ársreikningi 2008.
Til kynningar.
- 1.15. Samráðsfundur sorpsamlaga á suðvesturlandi, fundur 23. nóvember 2009.
Til kynningar.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:

- 2.1. Svínhagi, landskipti.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við að skipt verði úr jörðinni Svínhaga lnr. 164560, þrem spildum merktum Svínhagi L-6 lnr. 218970 (10,5 ha.), Svínhagi L-7 lnr. 218971 (14,0 ha.) og Svínhagi L-8 lnr. 218972 (28,5 ha.). Engin afstaða er tekin til eignarhalds eða landamerkjia.
Samþykkt samhljóða.
- 2.2. Þjóðólshagi 1, landskipti.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við að skipt verði úr jörðinni Þjóðólshaga lnr. 165164, spildu með landnúmeri 218975 (18.138 fm.) Lögbýlisréttur fylgir áfram lnr. 165164. Engin afstaða er tekin til eignarhalds eða landamerkjia.
Samþykkt samhljóða.

3. Skipulagsmál og tengd erindi:

3.1. Vegna erindis um vegalagningu í landi Jarlstaða.

Sveitarstjóra falið að kynna hlutaðeigandi aðilum framlögð gögn er varða eignarhald á Tjörvastöðum. Samþykkt samhljóða.

4. Álagningarprósentur, afslættir og gjaldskrár 2010.

Lögð fram tillaga að útsvarsprósenta verði 13,28%. Tillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum. Þrír sátu hjá (GÞ) (SD) (MÝS).

Lögð er fram tillaga samkvæmt framlögðu skjali sveitarstjóra um gjaldskrá.

2. *Fasteignaskattur:*
 - A 0,36% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.
 - B 1,32% af fasteignamati húsa og lóða.
 - C 1,32% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilh. lóðum, þó að undanskildum fasteignum í B flokki.
3. *Lóðarleiga; 0,85% af fasteignamati lóða í eigu sveitarfélagsins. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annað leiguhlutfall eða álagningu í krónutölu á hvern fermetra lóðar við sérstakar aðstæður.*
4. *Vatnsgjald; 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins eða í sameign þess og annarra sveitarfélaga sbr. ákv. 6. gr. laga nr. 32/2004.*
5. *Aukavatnsgjald hjá stórnotendum (s. s. sláturhúsum og kartöfluverksmíðjum) skal vera kr. 26,50 fyrir hvern notaðan rúmmetra af vatni sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005 m.v. byggingavistölu í des. 2007; 377,7. Gjaldlagi er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar.*
6. *Tengigjöld í Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.*
7. *Holræsagjald á Hellu; 0,22% af fasteignamati húss og tilheyrandi lóðar.*
8. *Gjöld fyrir tæmingu rotþróa eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá.*

Gjald dagar líða nr. 2, 3, 4, 7 og 8 eru 1./2., 1./3., 1./4., 1./5., 1./6., 1./7., 1./8. og 1./9. 2010. Þar sem fasteignagjöld verða samtals kr. 30.000 eða lægri skal þó aðeins vera einn gjalddagi þ. 1. maí 2010. Eindagi er síðasti virki dagur í sama mánuði og gjalddaga.

Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum 75% og meira, sem húa í eigin íbúðarhúsnæði, skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði skv. reglum samþ. af sveitarstjórn.
9. *Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld skv. sérstakri gjaldskrá.*
10. *Hundaleyfisgjald er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.*
11. *Byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu-, úttekta og mælingagjöld skipulags- og bygginganefndar og skipulags- og byggingafultrúa leggjast á skv. sérstakri gjaldskrá.*

Gjald dagar eru dags. reikninga og eindagar 30 dögum síðar.

Að öðru leyti gilda lög um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldskrár um viðkomandi tekjulíði.
Samþykkt þessi um álagningarprósentur, afslætti og gjaldskrár skal birt á hefðbundnum auglýsingastað ákvarðana sveitarstjórnar, þ.e. á töflu í afgreiðslu Rangárþings ytra.

Ofangreindar tillögur eru með sama hætti og árið áður, en gjalddögum fasteignagjalda er fjölgað úr sex í átta.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

5. Leikskólahúsnæði að Laugalandi.

Lögð fram bréf frá fjármálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, varðandi niðurif fyrrverandi leikskólahúsnæðis að Laugalandi.

Til kynningar.

6. Náttúruverndaráætlun, þingsályktunartillaga.

Til kynningar.

7. Foss, Hungurfit og Krókur.

Til kynningar.

8. **Tún vottunarstofa, sala á hlut þrotabús Baugs Group hf.**
Sveitarstjórn hyggst ekki gera tilboð í umræddan hlut í félaginu .
Samþykkt samhljóða.
 9. **Stuðningur við mótahald Landsmóts hestamanna, 2012 og 2014 á Gaddstaðaflötum.**
Til kynningar.
 10. **Skilmálabreyting lánasamnings með erlendu myntviðmiði.**
Hreppsnefnd Rangárþings ytra samþykkir framlagðar breytingar á greiðsluskilmálum lánasamnings, frá Kaupþingi er varða lán númer 0308-35-6347.
Samþykkt samhljóða.
- F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**
- F.1. Bændur græða landið, samstarfsverkefni.
Hreppsnefnd fellst á að greiða allt að kr. 130.000,- til verkefnisins.
Samþykkt samhljóða.
 - F.2. Hugmyndatorg Capacent.
Til kynningar.
 - F.3. Veiðifélag Eystri Rangár, aðalfundur.
Samþykkt að fela Ingvari Pétri Guðbjörnssyni að fara með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundinum.
Samþykkt samhljóða.
- G. Annað efni til kynningar:**
- G.1. Vatnajökulspjóðgarður, tillaga verkferli við mótun áætlananna og stefnu
 - G.2. Viljayfirlýsing ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.
 - G.3. Rafmagnsöryggi, lög og reglur.
 - G.4. SASS, málefni Landeyjahafnar.
 - G.9. Þinglýst skjöl frá sýslumanni á Hvolsvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.50

Dorrit Þorjónsdóttir
Sigrúnjóna Palma
Helga Þjóra Þórunn
Margrét Vjör Sigrúnardóttir
Sigfríður Jónsdóttir
Amífuur Þellur
Yrnhalla Svannarson
[Signature]
[Signature]

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

51. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 17. desember 2009, kl. 13:00.

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjöla Guðnadóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Þorbergur Albertsson og Þórunn Ragnarsdóttir. Að auki Örn Þórðarson sveitarstjóri og Indriði Indriðason sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu Guðfinna Þorvaldsdóttir og Ólafur Elvar Júlíusson. Guðfinna Þorvaldsdóttir sat fundinn undir liðum, 5, 6, 7, 8, 9, 10 og 11.

Við bætist mál nr. 2.3. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Byggingarnefnd, 29. fundur, 2. desember 2009.
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er snúa að Rangárþing ytra.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Fjárhagsáætlanagerð vinnuhópur, fundur 3. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.3. Endurskoðun aðalskipulags, 15. fundur, 9. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.4. Fjallskilanefnd Rangárvallafréttar, fundur. 2. desember 2009.
Fallist er á erindi um að kostnaði vegna nefndarstarfa fjallskilanefndar verði færður á sveitarsjóð.
Sveitarstjóra falið að gera lagfæringar á lista yfir upprekstrarréttarhafa og jafna niður fjallskil með hliðsjón af þeim breytingum á framlagðri tillögu.
Samþykkt samhljóða.
- 1.5. Fjallskilanefnd Landmannafréttar, fundur 3. desember 2009.
Sveitarstjóra falið að jafna niður fjallskil í samræmi við framlagða tillögu.
Samþykkt samhljóða.
- 1.6. Búfjárefirlitsnefnd Rangárvallasýslu, fundur 11. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.7. Byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs., fundur 2. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.8. Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps, 14. fundur, 1. des. 2009, með fjárhagsáætlun og gjaldskrá 2010.
Fundargerðin, fjárhagsáætlun og gjaldskrá 2010 er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.9. Tónlistarskóli Rangæinga, 123. fundur, 30. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.10. Sorpstöð Rangárvallasýslu, 114. fundur, 2. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.11. Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, fundur 14. desember 2009.
Fundargerðin er staðfest og samþykkt að fela Sigurbjarti Pálssyni að vera fulltrúi Rangárþings ytra í starfshóp um Þjórsárver.
Samþykkt samhljóða.
- 1.12. Héraðsnefnd Rangæinga, 11. fundur, 11. desember 2009, með fjárhagsáætlun.
Fundargerðin og fjárhagsáætlun er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 1.13. Framhaldsskólamáli í Rangárvallasýslu, fundur 11. desember 2009.
Samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að vera fulltrúar Rangárþings ytra í „Framhaldsskólanefnd Rangárvallasýslu“. Lögð var fram tillaga að framhaldsskóla á Hellu. Sveitarstjóra var falið að kynna tillöguna fyrir sveitarfélögum í sýslunni og láta kynna tillöguna fyrir nemendum á efstu stígum og starfsfólki grunnskóla sveitarfélaganna.
Samþykkt samhljóða.
- 1.14. Félagsþjónusta Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu bs., 33. fundur, 14. 12. 2009, með fjárhagsáætlun 2010.
Til kynningar.
- 1.15. Suðurlandsvegur 1-3, 20. verkfundur, 9. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.16. Suðurlandsvegur 1-3, II áfangi, 5. verkfundur, 9. desember 2009.

- Til kynningar.
- 1.17. Sorpstöð Suðurlands, 181. fundur, 11. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.18. Sorpstöð Suðurlands, 182. fundur, 20. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.19. Sorpstöð Suðurlands, 183. fundur, 27. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.20. Sorpstöð Suðurlands, 184. fundur, 11. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.21. Skólaskrifstofa Suðurlands, 118. fundur, 26. nóvember 2009.
Sveitarstjórn tekur undir bókun 3. liðar í fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands.
Samþykkt samhljóða og að öðru leiti til kynningar.
- 1.22. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 289. fundur, 2. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.23. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 123. fundur, 3. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.24. SASS, 430. fundur, 11. desember 2009.
Til kynningar.
- 1.25. Samband íslenskra sveitarfélaga, 769. fundur, 27. nóvember 2009.
Til kynningar.
- 1.26. Íþrótt- og æskulýðsnefnd, 31. fundur, 14. desember 2009.
Fundargerðin er til kynningar. Afgreiðsla á umsókn Íþrótt- og æskulýðsfulltrúa um námsstyrk, sbr. 2. lið, er frestað.
- 1.27. Ungmennaráð, 2. fundur, 9. desember 2009.
Til kynningar.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:

- 2.1. Minni Vellir, landskipti.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við að skipt verði úr jörðinni Minni Vellir (Inr. 164995), spildu Minni Vellir vegstæði, Inr. 218998, stærð 77.000 fm. Engin afstaða er tekin til eignarhalds eða landamerkjja.
Samþykkt samhljóða.
- 2.2. Suðurlandsvegur 1 og Suðurlandsvegur 3, Hella, landskipti.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við að skipt verði lóðinni Suðurlandsvegur 1 (Inr. 164905) 294 fm. lóð með landnr. 219041 og úr lóðinni Suðurlandsvegur 3 (Inr. 164956) 331 fm. lóð með landnr. 219043. Engin afstaða er tekin til eignarhalds eða landamerkjja.
Samþykkt samhljóða.
- 2.3. Ægissíða 4, landskipti.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við að skipt verði lóðinni jörðinni Ægissíða 4 (Inr. 165440) spildu með landnr. 219032 (7.424 fm.). Lögbýlisréttur fylgir áfram jörðinni Ægissíðu 4. Engin afstaða er tekin til eignarhalds eða landamerkjja.
Samþykkt samhljóða.

3. Skipulagsmál og tengd erindi:

- 3.1. Endurskoðun aðalskipulags.
Lokadrög stýrihóps um endurskoðun aðalskipulags lögð fram. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna og heimilar að hún verði send til Skipulagsstofnunar og mælist til að fá heimild til að auglýsa hana í samræmi við lög sem um það gilda.
Samþykkt samhljóða.

4. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

5. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009.

Þórunn Ragnarsdóttir vék af fundi og tók Guðfinna Þorvaldsdóttir sæti hennar.
Lögð fram endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009. Fjármálastjóri gerði grein fyrir helstu stærðum.
Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sítt hjá (MÝS, ÞA, GP).

6. Fjárhagsáætlun 2010, fyrri umræða.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2010. Fjármálastjóri gerði grein fyrir helstu stærðum.
Fjárhagsáætluninni er vísað til síðari umræðu sem ráðgerð er 14. janúar 2009, enda liggur fyrir samþykki samgönguráðuneytis til frestunar afgreiðslu.
Sveitarstjórn heimilar greiðslu nauðsynlegra útgjalda sveitarfélagsins á næsta ári þó fjárhagsáætlun 2010 hafi ekki hlotið endanlegt samþykki sveitarstjórnar. Sveitarstjórn samþykkir að Ingvar Pétur Guðbjörnsson starfi í vinnuhópi um gerð fjárhagsáætlunar.
Samþykkt samhljóða.

7. **Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts.**
Hreppsnefnd staðfestir framlagða tillögu og fellur úr gildi eldri samþykkt.
Samþykkt samhljóða.
8. **Reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.**
Sveitarstjórn Rangárþings samþykkir framlagðar „Reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.“
Samþykkt samhljóða.
9. **Úttekt á rekstri fræðslustofnana Rangárþingi ytra, skýrsla RHA.**
Lögð er fram úttekt RHA á rekstri fræðslustofnana í Rangárþingi ytra.
Til kynningar.
*Bókun frá B-lista vegna úttektar á fræðslustofnunum í Rangárþingi ytra:
Margt fróðlegt kemur fram í skýrslunni um það starf sem unnið er í skólum Rangárþings ytra varðandi hlut starfsfólks og stöðu nemenda. Sérstaka athygli vekur jákvætt viðhorf foreldra og almenn ánægja þeirra með starfið í skólunum
Í skýrslunni kemur fram að rætt hafi verið við sveitarstjórnarmenn. Við leiðréttingu þad hér með að ekki var rætt við fulltrúa minnihluta við gerð skýrslunnar. Úttekt af þessu tagi teljum við mikilvægt að rætt sé við alla sem að málum koma til að koma í veg fyrir allan ágreining.
Í skýrslunni kemur fram að of mikið sé af sérkenmslu í Grunnskólanum á Hellu og að nemendur séu teknir út úr kennslustundum með tilheyrandi kostnaði fyrir sveitarfélagið. Mikilvægt er að halda því til haga að sérfræðingar Skólaskrifstofu Suðurlands hafa verið Grunnskólanum á Hellu til ráðgjafar varðandi sérkennsluúrræði það skýtur því skökku ekki hafi verið talað við forstöðumann Skólaskrifstofu Suðurlands sem sveitarfélagið kaupir þjónustu af samkvæmt samningi.
Það rýrir óneitanlega gildi úttektarinnar að í niðurstöðum hennar eru engar tölulegar upplýsingar sem liggja fyrir um þær leiðir sem bent er á til breytinga.
Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Þorbergur Albertsson*
Sveitarstjórn vísar skýrslunni til fræðslunefndar til kynningar og felur henni að kynna hana.
Samþykkt samhljóða.
10. **Úttektir á grunnskólum, umsókn til mennta- og menningarmálaráðuneytis.**
Hreppsnefnd samþykkir að sækja um stofnanaúttekt vegna Laugalandsskóla. Sveitarstjóra falið að senda inn umsókn þar að lútandi.
Samþykkt samhljóða.
11. **Rekstrarfyrirkomulag samstarfsverkefna að Laugalandi, skýrsla KPMG.**
Til kynningar.
Guðfinna Þorvaldsdóttir vék af fundi og Þórunn Ragnarsdóttir tók sæti að nýju.
12. **Foss, Hungurfit og Krókur.**
Sveitarstjóra falið að ganga frá sölu á eftirfarandi fasteignum sveitarfélagsins: íbúðarhúsi á Fossi, gangnamannaskálanum á Hungurfitjum og Króki, í samræmi við framlögð drög að kaupsamningum.
Samþykkt samhljóða.
13. **Laxveiði fyrir landi Gaddstaða og Selalækjar.**
Sveitarstjóra falið að undirrita yfirlýsingu vegna leiðréttingar á veiði fyrir landi Gaddstaða og Selalækjar í veiðidagbók Ytri-Rangár.
Samþykkt samhljóða.
14. **Kjarasamningsumboð.**
Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um málið.
Samþykkt samhljóða.
15. **Sveitarstjórnarlög, frumvarp til laga.**
Til kynningar.
16. **Sæmundarvellir, tillaga um endurreisn fræðaseturs að Odda á Rangárvöllum.**
Til kynningar.
17. **Fundaáætlun sveitarstjórnar 2010.**
Hreppsnefnd samþykkir framlagða tillögu um fundaáætlun fyrir árið 2010.
Samþykkt samhljóða.
18. **Reglur um námsstyrki.**
Lögð fram drög að reglum um námsstyrki. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.
Samþykkt samhljóða.
19. **Starfsmannareglur.**
Lögð fram drög að starfsmannareglum. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.
Samþykkt samhljóða.

M.S.

Þ.Þ.

F. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

- F.1. Stúlnakórinn Hekla, styrkumsókn.
Hreppsnefnd fellst á að veita styrk til greiðslu leigugjalds á íþróttahúsinu vegna tónleikahalds kórsins.
Samþykkt samhljóða.
- F.2. Málþing um tilfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.
Til kynningar.
- F.3. Landskerfi bókasafna hf., samþætt leitarvél fyrir Ísland.
Til kynningar.
- F.4. Veraldarvinir, beiðni um samstarf.
Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við beiðni um samstarf.
Samþykkt samhljóða.
- F.5. Styrkjum staðarandann, verkefni Alta.
Til kynningar.

G. Annað efni til kynningar:

1. Jafnréttisstofa.
2. Varasjóður húsnæðismála, söluframlag.
3. Ásahreppur, Jökulheimasvæði.
4. Samband íslenskra sveitarfélaga, vegna tilfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.
5. Landmælingar Íslands, skýrsla.
6. Fasteignaskrá Íslands, athugasemdir við fasteignamat.
7. Heilbrigðisstofnun Suðurlands, ársskýrsla.
8. Snertill ehf., uppsögn á samningi.
9. Sorpstöð Suðurlands, samningur um viðskiptakjör og umsókn um viðskiptakort.
10. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli, vegna sölu á Hitaveitu Rangæinga.
11. Þjóðskrá, flutningstilkynningar.
12. Þinglýst skjöl frá sýslumanni á Hvolsvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.12.

Þorgils Þorfi Jónsson
Margrét Yr Siguveisd.
Sigurbjörgu Elmar
Helga Hjóra Lárusd.
Jónvanl - Confteynt
Þorbjörgu Albertu
Harmoni Þaymaird.